

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 25. ÁRG. 2019



RÉTTARÓVISSUFERÐ
Í LANDSRÉTT

14-16

FJÁRVÖRSLUREIKNINGAR
LÖGMANNA

22-23

SÁTTAMIÐLUN
- RAUNHÆFUR VALKOSTUR

25-28



- | | | |
|---|---|--|
| <p>4 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
„Landsréttarmálið“</p> <p>6 ELEONORA BERGPÓRSDÓTTIR
Aðalfundur Lögmannafélags Íslands</p> <p>8 Guðrún Ólöf Olsen
Hvenær ber stjórn ábyrgð?</p> <p>14 GUNNAR INGI JÓHANSSON
Réttaróvissuferð í Landsrétt</p> <p>17 EIRÍKUR ELÍS ÞORLÁKSSON
LMFÍ sem aðili máls</p> | <p>20 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR OG
STEFÁN A. SVENSSON
Eftirlitsheimildir lögmannafélaga</p> <p>22 ÁGÚST KARL KARLSSON OG
DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON
Fjárvörslureikningar lögmannna
– miklar afleiðingar af brotum</p> <p>25 ARNA PÁLSDÓTTIR
Sáttamiðlun, raunhæfur valkostur
við lausn ágreinings? Viðtal við
Lilju Bjarnadóttur</p> | <p>29 INGIMAR INGASON
Enn fækkar félagsmönnum í
Lögmannafélaginu</p> <p>32 SKÚLI SVEINSSON
Örökstuddar
málskostnaðarákvarðanir</p> <p>34 Lagadagurinn 2019
Marín Guðrún Hrafnadóttir</p> |
|---|---|--|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður
netfang: daniel@msr.is

Ritnefnd
Ari Karlsson lögmaður
Arna Pálsdóttir lögmaður
Ágúst Karl Karlsson lögmaður
Eleonora Bergþórsdóttir lögmaður
Guðrún Olsen lögmaður
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

Blaðamaður
Marín Guðrún Hrafnadóttir

Stjórn LMFÍ
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
Hjördís E. Harðardóttir lögmaður
Stefán Andrew Svensson lögmaður
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
Viðar Lúðvíksson lögmaður

Varastjórn LMFÍ
Birna Hlín Káradóttir lögmaður
Jónína Lárusdóttir lögmaður
Grímur Sigurðarson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Marín Guðrún Hrafnadóttir starfsm. félagsdeildar
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd
Ljósmyndari: Marín Guðrún Hrafnadóttir

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Páll Júlíusson, sími 861 8262



INNHEIMTUKERFI CREDITINFO

SAMPÆTTING, SKILVIRKNI OG BETRI YFIRSÝN

Sveigjanlegt og öflugt kerfi fyrir lögmenn

Nútímalegt og skilvirkt innheimtakerfi fyrir lögmenn sem leysir IL+ af hólmi. Kerfið er auðvelt í notkun og aðgengilegt á vefnum þannig að öll þróun og breytingar skila sér beint til notanda.

HELSTU EIGINLEIKAR:

- Heldur utan um löginheimtu á skilvirkan hátt
- Hægt er að flytja gögn úr eldra innheimtakerfi, IL+
- Býður upp á samþættingu við aðra þjónustu Creditinfo, s.s. vanskilaskrá, eignaleit og hlutafélagaskrá

Kynntu þér innheimtakerfi Creditinfo á [creditinfo.is](https://www.creditinfo.is) og hafðu samband við ráðgjafa á vidskiptastyring@creditinfo.is til að fá nánari upplýsingar.

„LANDSRÉTTARMÁLIÐ“

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR

Hinn 12. mars s.l. komst Mannréttindadómstóll Evrópu að þeirri niðurstöðu að skipun dómara við Landsrétt á árinu 2017 hafi ekki verið í samræmi við 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Mikið hefur verið rætt og ritað um þennan dóm og sitt sýnist hverjum.

Stjórn Lögmannafélagsins sendi frá sér eftirfarandi ályktun eftir uppkvaðningu dómsins: „Stjórn Lögmannafélags Ísland beinir því til stjórnvalda að leysa úr þeirri réttaróvissu sem leitt hefur af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 26374/18. Jafnframt að ákvörðun um málskot til yfirdeildar mannréttindadómstólsins verði ekki tekin nema að undangengnu útarlegu faglegu mati. Komi til málskots telur stjórn Lögmannafélagsins mikilvægt að samhliða verði gripið til annarra ráðstafana sem miði að því að tryggja skilvirkni Landsréttar sem framast er kostur“.

Ákvörðun stjórnvalda um málskot til yfirdeildar mannréttindadómstólsins var tekin í apríl sl. og samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum var málskotsbeiðni íslenska ríkisins nýverið send dómstólnum. Fari svo að málið verði tekið fyrir af yfirdeildinni, en sú ákvörðun ætti að liggja fyrir innan nokkurra mánaða, getur biðin eftir endanlegri niðurstöðu dómstólsins tekið allt upp í tvö ár.

Í ljósi framangreinds verður að teljast heldur bagalegt að engar áætlanir séu til staðar um að tryggja skilvirkni réttarins á meðan á ofangreindri vegferð stendur og vekur viðbragðsleysi stjórnvalda þar að lútandi nokkra undrun. Núverandi staða viðheldur ákveðinni réttaróvissu og kann jafnvel að draga úr trú á dómskerfinu og þar með tilvist réttarríkisins.

Þær raddir hafa þó einnig heyrst að þar sem dómur mannréttindadómstólsins sé ekki bindandi að landsrétti sé ástæðulaust til að bregðast sérstaklega við. Dómaramir fjórir eigi að sitja áfram og taka þátt í dómstörfum enda séu þeir löglega skipaðir. Jafnvel er talað um óskilgreinda tegund óskapnaðar og aðför að fullveldi Íslands.



Slík hugsun getur verið varasöm. Okkur ber að þjóðarétti skylda til að fara eftir dómsúrlausnum mannréttindadómstólsins en með því virðum við mannréttinasáttmálann sem settur er til stuðnings lýðræði í Evrópu allri og okkur sjálfum til verndar. Ákvörðun um að hætta að fylgja dómsúrlausnum mannréttindadómstólsins felur í sér hættulegt fordæmi.

Hér á landi hefur ríkt almennur skilningur á hlutverki Mannréttindadómstóls Evrópu. Íslenskir lögmennt og dómarmar hafa í sívaxandi mæli litið til dómafordæma dómstólsins í störfum sínum og hefur vægi þeirra dóma aukist. Almenn má segja að íslenskir dómstólar beiti sáttmálanum í samræmi við dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins og hafa fordæmi dómstólsins bæði beint og óbeint leitt til grundvallar réttarbóta í okkar dómkerfi. Íslenska ríkið hefur sýnt það til þessa að það hafi mikinn metnað til að draga lærdóm af fordæmum dómstólsins. Breyting þar á kann að kalla á frekari málarekstur í Strassborg.

Nauðsynlegt er hins vegar að bregðast við þeirri stöðu sem nú er uppi í Landsrétti, sem mun, ef ekkert verður að gert, leiða til óhóflegs málaálags með tilheyrandi töfum á rekstri mála auk þeirra atriða sem áður er getið. Bæði innan og utan réttarkerfisins hafa ýmsar hugmyndir verið reifaðar sem leiðir til lausna og sem stjórnvöld hljóta að gefa gaum að.

Í öllu falli þá gera lögmennt kröfu til þess að sem fyrst verði gerðar ráðstafanir til að tryggja skilvirkni réttarins, hverjar sem þær nákvæmlega verða. Bara ekki gera ekki neitt.



OneRecords Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT mála- og skjalakerfi sem hentar vel fyrir LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



OneDrag'nDrop Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í málakerfið á rétt mál með einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega drifinu yfir í málakerfið með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.
(spjaldtölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

AÐALFUNDUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

ELEONORA BERGÞÓRSDÓTTIR SKRIFAR



AÐALFUNDIR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS OG FÉLAGSDEILDAR LMFÍ VORU HALDNIR FÖSTUDAGINN 10. MAÍ 2019 Í SAFNAHÚSINU, HVERFISGÖTU 15.

Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, auk þess sem tillögur lágu fyrir um breytingar á samþykktum félagsins, reglum félagsdeildar og siðareglum lögmanna. Breytingar á siðareglum voru þó ekki teknar fyrir á fundinum þar sem mistök urðu í útsendingu tillagnanna fyrir fundinn og þeim dagskrárlið frestað.

Formaður félagsins, Berglind Svavarsdóttir lögmaður, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og fjallaði stuttlega um þau mál sem hafa verið í brennidepli á liðnu starfsári. Kom fram að starfsemi félagsins er viðamikil og margvísleg en á vegum félagsins starfa m.a. laganefnd, siðareglunefnd og úrskurðarnefnd lögmanna. Umtalsverð aukning hefur verið í málafjölda hjá úrskurðarnefndinni en málin sem henni berast nú eru mun þyngri og alvarlegri en áður. Vinnuhópur um starfsumhverfi lögmanna hefur einnig verið að störfum en hlutverk vinnuhópsins hefur m.a. verið að kanna líðan félagsmanna á vinnustað og umfang eineltis og kynbundinnar mismununar innan stéttarinnar. Þá hefur vinnuhópur um heildarendurskoðun samþykkt félagsins einnig verið að störfum.

Eftirlit með störfum lögmanna

Stjórn Lögmannafélagsins sinnti hefðbundnu eftirliti með störfum lögmanna á starfsárinu sem leiddi til þess að 14 málum var beint til úrskurðarnefndar lögmanna vegna ætlaðs brots á lögum eða siðareglum. Fyrir dómstólum er einnig rekið mál til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar lögmanna í máli sem stjórn Lögmannafélagsins beindi til nefndarinnar og nefndin kvað upp úrskurð í á árinu 2018. Var lögmanni þar veitt áminning. Lögmannafélagið var sýknað í málinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þeim dómi var hins vegar snúið við í Landsrétti í apríl 2019. Komst Landsréttur að þeirri niðurstöðu að Lögmannafélaginu hefði skort lagaheimild til að leggja fram kvörtun til úrskurðarnefndar. Að mati stjórnar Lögmannafélagsins er nauðsynlegt að fá niðurstöðu Hæstaréttar um það hvort Lögmannafélagið hafi á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn heimild til að beina málum til úrskurðarnefndarinnar. Lögmannafélagið hefur því sótt um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar til þess að fá skorið úr álitaefninu.

Endurskoðun reiknings fyrir liðið reikningsár

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins, gerði grein fyrir ársreikningi Lögmannafélagsins og félagsdeildar LMFÍ fyrir árið 2018. Afkoma félagsins og félagsdeildar á síðasta ári var í heild jákvæð. Samanlagður hagnaður allra rekstrareininga Lögmannafélagsins var tæplega 1,3 milljónir króna. Tap af rekstri lögbundna hluta félagsins nam kr. 1.173.364, en hins vegar var hagnaður af

rekstri félagsdeildar kr. 1.714.579. Rekstrarafgangur varð í rekstri Námssjóðs en hann var rúmlega 700 þúsund krónur. Framkvæmdastjórinn fjallaði jafnframt um einstaka rekstrarliði sem höfðu tekið breytingum milli ára. Ekki var lögð til hækkun á félagsgjöldum en tekið fram að gæta þyrfti aðhalds í rekstri.

Breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn Lögmannafélagsins lagði fram tillögu um breytingar á samþykktum félagsins og var hún samþykkt samhljóða. Fela breytingarnar m.a. í sér heimild til að halda félagsfundir með rafrænum hætti, að siðareglur séu háðar samþykki félagsfundar og að meirihluti stjórnar riti firma félagsins í stað formanns og eins stjórnarmanns sameiginlega. Ákvæði um skoðunarmenn voru tekin út þar sem félagið mun nú kjósa endurskoðanda og öðrum ákvæðum breytt til samræmis. Ákvæði um hlutverk stjórnar var einnig breytt en nú er tekið fram með ótvíræðum hætti að stjórn beri að hafa eftirlit samkvæmt lögmannalögum og siðareglum og geti þ.a.l. beint erindum til úrskurðarnefndar lögmannna. Þá var um að ræða breytingar til staðfestingar á venjubundinni framkvæmd, breytingar á skipulagi ákvæða eða orðalagsbreytingar. Að öðru leyti vísast til breyttra samþykta félagsins.

Breytingar á reglum félagsdeildar LMFÍ

Tillaga um breytingar á reglum félagsdeildar LMFÍ var einnig samþykkt á fundinum. Breytingarnar fela fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar m.t.t. þess að um sé að ræða deild en ekki félag. Þá voru ákvæði uppfærð til samræmis við sambærileg ákvæði í samþykktum Lögmannafélagsins, m.a. um firmaritun.

Kosingar í stjórn og nefndir

Sjálfkjörið var í stjórn Lögmannafélagsins. Berglind Svavarsdóttir var endurkjörin formaður félagsins. Sigurður Örn Hilmarsson og Viðar Lúðvíksson voru kjörnir í stjórn. Auk þeirra þriggja sitja áfram í stjórn Hjördís E. Harðardóttir og Stefán Andrew Svensson. Í varastjórn voru kjörin Birna Hlín Káradóttir, Jónína Lárusdóttir og Grímur Sigurðarson. Endurskoðandi félagsins var kosinn Þorvaldur Þorvaldsson, löggiltur endurskoðandi.

Þá voru kjörin í laganefnd félagsins þau Grímur Sigurðarson, Einar Farestveit, Almar Þór Möller, Jón Gunnar Ásbjörns-son, Aldís Geirdal Sverrisdóttir, Geir Gestsson og Benedikt Egill Árnason.



HVENÆR BER STJÓRN ÁBYRGÐ?

Umfjöllun um málstofuna „Ábyrgð og réttaröryggi stjórnenda og stjórnarmanna með hliðsjón af dómum um umboðssvik.“



GUÐRÚN ÓLÖF OLSEN LÖGMAÐUR SKRIFAR

I. HLUTI - HLUTVERK OG UMBOÐ HELGA HLÍN HÁKONARDÓTTIR

Hlutfélagalöggjöfin á Íslandi er sundurleit

Helga Hlín telur tímabært að rýna í íslensku hlutfélagalöggjöfina þar sem umboð og hlutverk stjórnarmanna og stjórnenda verði að vera betur afmarkað í lögum. Til að mynda væri augljóst af hrunmálunum að það væri ekki rými fyrir grá svæði þegar kemur að því að axla ábyrgð: Ef ákvörðun fellur innan hlutverks og umboðs stjórnarmanns eða stjórnanda, þá verði hann ekki látinn axla ábyrgð vegna ákvörðunarinnar. Heimild stjórnarmanna til að taka viðskiptaákvörðun (e. „business judgment rule“) er svo útvíkkun á umboðinu, þar sem viðkomandi verður ekki gerður ábyrgur fyrir viðskiptaákvörðun sem reynist röng. Ef hlutverk og umboð eru ekki vel afmörkuð getur stjórnarmaður eða stjórnandi borið öfuga sönnunarbyrði og gert að sýna fram á að hann tók ákvörðun sem rúmaðist innan umboðs hans, þ.e. hafi verið í takt við væntingar sem umbjóðandi hans mátti gera til hans.

Íslensk löggjöf standist ekki samanburð við önnur lönd sem við viljum oft bera okkur saman við. Hún tók írska löggjöf sem dæmi um skýra afmörkun í hlutfélagalögum. Helga Hlín sagði reglurnar og fræðin vera kunnugleg en munurinn væri þó sá að á Íslandi teljum við þessar reglur óskrifaðar frekar en lögfestar. Þar að auki fjallaði hún um



að það hafi verið mikil breyting í stjórnnum á undanföllum árum þar sem kynjakvótinn hefur meðal annars leitt af sér að það er verið að tefla fram fólki sem hefur ekki mikla reynslu af að sitja í stjórnnum. Góðir stjórnarhættir krefjast óháðra stjórnarmanna til að breikka ákvarðanatöku mengið og fá fleiri sjónarmið og dýpka þannig þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Breytingin á þessum hópi, frá því að vera einsleitir eigendur félaga í stjórnnum, er sú að það er að koma fólk inn með aðra og fleiri hagsmuni til greina í ákvarðanatöku sinni heldur en hluthafar hafa gjarnan gert

og þar að leiðandi enn brýnni ástæða til þess að skilgreina umboð og hlutverk stjórnarmanna.

„Hver má, eða á, að gera hvað?“

Grundvallar útgangspunktur á því að rýna hvernig ákvarðanataka og stjórnun á sér stað er að meta umboð þeirra sem um ræðir. Til þess þurfi að hafa hugtökin á hreinu, sem og það hlutverk, sem er afmarkað af lögum, reglum, samþykktum félaga, samningum og góðum stjórnarháttum. Áður en umboð stjórnenda liggur fyrir er útilokað að álykta hver ber ábyrgð. Helga Hlín benti í þessu samhengi á umræðu undanfarið um opinberar framkvæmdir sem hafa farið fram úr áætlunum og erfitt virðist vera að finna þann ábyrga. Hún bendir á að það sé vegna þess að skilgreining á hlutverki og umboði sé ekki nægilega skýr.

Samþykktir félaga á Íslandi

Um samþykktir á Íslandi sagði Helga Hlín að þær væru því miður óáhugaverðar og endurnotaðar. Tilhneigingin væri sú að stjórnendum væri veitt breitt umboð án þess að það væri gert með ávinning félaga að leiðarljósi til lengri tíma. Lögfræðingar og ráðgjafar ættu því að vinna nánar með stofnendum eða kaupendum félaga til að ákveða og útlista raunverulegan tilgang félags og hlutverk og umboð stjórnar. Til samanburðar fjallaði Helga Hlín um samþykktir nýsköpunarfyrirtækja og sagði að þar væri óspart skilgreint hvað stjórn og framkvæmdastjóri eigi að gera og hvaða takmarkanir liggja fyrir. Stofnendur hafi sterkar og mismunandi skoðanir á því hvaða tilgang fyrirtækið eigi að hafa sem og mismunandi hagsmuna að gæta, til að mynda hagsmunir upphaflegra fjárfesta og þeirra sem síðar koma.

Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Helga Hlín sagði að þó íslenskar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fjalli mikið um hlutverk stjórnar eigi slíkt að vera skilgreint í lögum og samþykktum frekar en í leiðbeiningum. Til að mynda kemur fram í leiðbeiningunum að meginhlutverk stjórnar sé að bera endanlega ábyrgð á rekstri félagsins. Hún sagðist vera ósammála þessari yfirlýsingu án þess að reyna skorast undan ábyrgð, en taldi þó það hljóta að vera takmarkanir á því hvort stjórn beri alltaf endanlega ábyrgð. Endurspegli þetta enn fremur mikilvægi þess að stjórn skýrlega skilgreini sitt meginhlutverk og ákveði síðan stefnuna og verkefni sem stjórnin taki að sér.

Trúnaðarskylda stjórnarmanna

Regluna um trúnaðarskyldu stjórnarmanna má finna í 1. mgr. 76. gr. hlutafélagalaganna sem felur í sér að aðilar

 **Efnamóttakan hf**
Spillum ekki framtíðinni

Örugg eyðing trúnaðarskjala



Við hjá Efnamóttökunni höfum yfir 10 ára reynslu af eyðingu trúnaðarskjala. Við höfum stórbætt aðstöðu okkar til eyðingar gagna og bjóðum upp á mjög örugga eyðingu á hagstæðu verði.

Einnig bjóðum við upp á örugga söfnunarþjónustu.

Efnamóttakan hf • Berghella 1 • 221 Hafnarfjörður
Sími: 559-2200 • www.efnamottakan.is



Frá málstofunni „Ábyrgð og réttaröryggi stjórnenda og stjórnarmanna með hliðsjón af dómum um umboðssvik“. Helga Hlín Hákonardóttir lögmaður hjá Stratégía ehf. í pontu.

sem hafa umboð til að koma fram fyrir hönd félags mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Helga Hlín velti upp ýmsum álitaeftum í tengslum við orðalag trúnaðarskyldunnar: Hvaða hagsmuni er um að ræða þegar vísað er til öflunar ótilhlýðilegra hagsmuna? Hvernig á að fara með hugsanlega hagsmunaárekstra á milli félags og hluthafa? Hver er réttarstaða skuggastjórnenda? Með tilliti til ofangreinds vísaði hún til þess að hlutafélagalöggjöfin hefði ekki þróast á Íslandi hvað trúnaðarskylduna varðar.

Helga Hlín telur að heimildin til að taka viðskiptalega ákvörðun feli í sér reglu sem afmarkar og takmarkar trúnaðarskylduna. Þessi regla sé hálfgerð „bonus pater“ regla sem felur í sér, með öllum fyrirvörum, að ef stjórn sýnir fram á að ákvarðanataka sé tekin í góðri trú og með tilliti til hagsmuna félagsins má almennt álykta að stjórnarmenn séu ekki ábyrgir þrátt fyrir að ákvörðunin reynist röng.

Máli sínu til stuðnings nefndi Helga Hlín Straumsmálið. Í því máli er fjallað um viðskiptaákvörðanir stjórnar sem leiddu til taps fyrir bankann, þar sem reglan um heimild stjórnar til að taka viðskiptalega ákvörðun hafi verið staðfest. Dómarar leggi ekki mat á það hvort að ákvörðun hafi verið

óþörf eða hvort félag hefði átt að eiga ákveðin viðskipti eða ekki, heldur meti dómari hvort ákvörðun eða viðskipti hafi farið gegn hagsmunum félagsins. Í máli þessu var ekki sýnt fram á að ákvörðunin hafi farið gegn hagsmunum félagsins. Það þurfi að sanna að slæma ákvörðunin hafi verið verri en önnur sem var einnig í boði og að aðrir möguleikar hafi verið raunhæfir eða leitt til betri niðurstöðu. Stjórnarmenn þurfi því við ákvörðunartöku að velta fyrir sér hvort það séu aðrar leiðir til boða og hvort þær séu þá raunhæfar eða geti leitt til minna tjóns.

Til að skoða mörkin á umboðinu og trúnaðarskyldunni með tilliti til Hæstaréttardóma fjallaði Helga Hlín um dóm Hæstaréttar frá 8. október 2015, hið svokallaða Imon mál. Í dómnum segir að annað meginskilyrði þess að háttsemi sé talin refsiverð er að aðili hafi misnotað aðstöðu sína til athæfis sem annar aðili er bundinn við. Skilyrðið hafi meðal annars verið skýrt á þann veg að þegar heimild þess sem hefur slíka aðstöðu er ekki svo skýr sem skyldi, nægir til að hann baki sér refsíábyrgð að það séu færðar sönnur á að hann hafi vikið verulega frá starfsháttum sem honum hlaut að vera ljóst að af honum væri ætlast. Hér hefur verið talað um að sönnunarbyrðin sé öfug og maður þurfi að sýna fram á að maður hafi tekið ákvörðun sem „bonus pater“ stjórnarmaður. Það er því nauðsynlegt að afmarka hlutverk og umboð stjórnarmanna og þar að leiðandi líka

starfshætti og verklag sem verður leitt út af því til að álykta megi um ábyrgð þeirra í stað þess að sönnunarbyrði sé öfug þegar reynir á ábyrgð stjórnarmanna með þessum hætti.

Hitt megin skilyrði fyrir að háttsemi teljist refsiverð samkvæmt Imon málinu sé að fyrir hendi hafi verið auðgunarásætningur. Nægir í því sambandi að sýna fram

á að háttsemin hafi valdið verulegri fjártjónshættu fyrir þann sem bundinn var af henni. Helga Hlín velti því upp hvort það þurfi ekki meira að koma til í samræmi við heimild stjórnar til að taka viðskiptalega ákvörðun og hvert svigrúmið sé fyrir mat stjórnar á öðrum raunhæfum leiðum.

II. HLUTI - VIÐSKIPTAÁKVARÐANIR OG UMBOÐSSVIK ÓTTAR PÁLSSON

Óttar hóf erindi sitt með að gera athugasemd við erindi Helgu um að eflaust þarfnist löggjöf í félagarétti endurskoðunar, en sagðist þó ekki viss um að það væri tilefni til að draga eins sterka mynd af ástandinu eins og Helga Hlín gerði í sínu erindi. Það væri einnig ástæða til að varast að fylgja fordæmum frá Bretlandi í þessu samhengi. Endurskoðun löggjafarinnar á Norðurlöndunum hefur átt sér stað fyrir ekki svo löngu síðan, þar sem hlutverk og skyldur stjórnenda séu afmörkuð með sambærilegum hætti og á Íslandi.

Skilyrði umboðssvika – misnotkun á aðstöðu og auðgunarásætningur

Óttar sagði í erindi sínu vilja varpa ljósi á tvö megin skilyrði umboðssvika: skilyrðið um misnotkun á aðstöðu og skilyrðið um auðgunarásætning. Slíkt myndi hann gera með hliðsjón af dómum sem gengið hafa á undanförunum árum um þetta efni og hélt því til haga að hann hefði komið að málsvörnum í nokkrum þessara mála.

Misnotkun á aðstöðu

Við afmörkun umboðs í störfum stjórnenda sagði Óttar að það þurfi að leita svara við því hverjum sé heimilt að taka ákvörðun um ráðstöfun þeirra hagsmuna sem um er að tefla og hversu langt heimildin nær.

Í dómsmálum sem hafa verið rekin í tengslum við lánveitingar í rekstri fjármálafyrirtækja, þar sem tekist hefur verið á um heimildir stjórnenda til þeirra ráðstafana sem ákært var vegna, hefur gjarnan verið stuðst við innri reglur félaga, svo sem lána- og áhættureglur bankanna, sem viðmið til að meta umboð stjórnarmanna. Hann fjallaði í því samhengi um Imon-málið, þar sem stjórnarmenn voru



ákærðir og síðar sakfelldir fyrir að veita félaginu Imon um 5 milljarða króna lán til að fjármagna kaup félagsins á hlutabréfum í Landsbankanum, þrátt fyrir að hafa ekki farið út fyrir heimild sína eftir eigin reglum Landsbankans. Þar hafi verið lagt til grundvallar að ákærðu hafi borið að líta til annarra reglna, jafnt skráðra og óskráðra regla, þegar þeir tóku þessa ákvörðun. Það hafi verið horft til þess að lánið hefði verið veitt gegn tryggingum, sem metnar höfðu verið til verðs á alls ónothæfum grunni, og hafi að auki verið langt frá því sem almennt skyldi miðað við samkvæmt útlánareglum Landsbankans. Með þessu hefðu hinir ákærðu því vikið á freklegan hátt frá því sem af þeim var krafist í störfum þeirra og misnotað aðstöðu sína hjá bankanum.

Þá sagði Óttar að það væri ljóst að við mat á því hvort stjórnandi hafi farið út fyrir heimildir sínar í skilningi 249. gr. almennra hegningarlaga, sem fjallar um umboðssvik, verði ekki aðeins litið til skráðrar afmörkunar umboðsins, heldur einnig venja og óskráðra reglna, sem skírkota til

trúnaðarskyldu viðkomandi stjórnanda. Að mati Óttars ber þó að fara varlega þegar stuðst er við óskrifaðar reglur í refsímálum. Séu heimildir rúmar ber ákærvaldi að sýna fram á verulegt eða gróft frávik frá venjum eða þeim starfsháttum sem stjórnandanum bar að fylgja. Í Imon-málinu var svo talið verið.

Varðandi sérstaka stöðu félagsstjórnar og þær víðtæku valdheimildir sem félagsstjórnir fara með í umboði hluthafa nefndi Óttar dóm Hæstaréttar frá 19. janúar 2017 í máli nr. 525/2015, hið svokallaða SPRON-mál, þar sem stjórnarmenn og framkvæmdastjóri voru ákærð fyrir umboðssvik vegna lánveitingar sem þau höfðu tekið ákvörðun um á stjórnarfundum. Tekist var á um hvort og að hvaða marki útlánareglur sparisjóðsins, sem stjórnin hafði samþykkt, hafi átt við um lánveitingar sem teknar voru á vettvangi stjórnar. Hæstiréttur taldi stjórnina vera bundna af lánareglunum. Óttar sagði nálgun Hæstaréttar umdeilanlega í ljósi stöðu félagsstjórnarinnar og þeirra ríku valdheimilda sem stjórnin hefur og það hefði því að hans mati verið réttara að leggja til grundvallar að stjórnin væri ekki bundin af reglunum, enda hefði stjórnin með meirihlutaákvörðun getað breytt þessum reglum. Það væri þó ekki útilokað að hafa hefði mátt reglurnar til hliðsjónar við mat á því hvað teldist hæfileg áhætta fyrir sparisjóðinn án þess þó að fela í sér formlega takmörkun á víðtæku umboði félagsstjórnarinnar. Þá tók Óttar fram að ákærðu í málinu voru sýknuð þar sem ósannað þótti að þau hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína hjá sparisjóðnum.

Óttar taldi að dómstólar myndu almennt ekki endurskoða viðskiptaákvörðanir stjórnenda að því gefnu að stjórnendur hafi ekki haft hagsmuni andstæða við félagið sem þeir gegna trúnaðarstörfum fyrir, og að ákvörðunin hafi verið tekin á upplýstum grunni og í góðri trú. Vísaði hann til dóms Hæstaréttar í máli nr. 350/2009 þar sem tekið var fram að stjórnendur félags taki ákvarðanir um fjárhagslegar ráðstafanir og dómstólar geti ekki fjallað um hvort þær hafi verið nauðsynlegar eða ekki.

Auðgunarásætningur (veruleg fjártjónshætta)

Aðeins verður refsað fyrir umboðssvik þegar brotið hefur verið framið í auðgunarskyni. Orðin „í auðgunarskyni“ hafa verið skýrð þannig að með þeim sé átt við að ásetningur brotamanns hafi verið sá, að afla sér eða öðrum fjárvinnings á þann hátt, að annar maður biði ólöglega fjártjón að sama skapi. Sagði Óttar að í fæstum tilvikum væri það þó svo þegar um umboðssvik er að tefla að tjón raungerist samstundis, því að stjórnandi tekur ákvörðun um tiltekna ráðstöfun. Það sé þó sá tímunktur sem miða verður við þegar lagt er mat á refsinsæmi háttseminnar. Þess vegna hafi í framkvæmd og fræðum talið nóg að sýna fram á að ásetningur hafi staðið til þess að valda „verulegri fjártjónshættu“. Merking hugtaksins „veruleg fjártjónshætta“ hafi því mikla þýðingu í umboðssvikamálum sem hluti af skilyrðinu um auðgunarásætningu.

Sagði Óttar í kjölfarið að það væri lögfræðilegt mat hvort af ráðstöfun hafi stafað veruleg fjártjónshætta og vísaði í dóm Hæstaréttar frá 8. desember 2014 í máli nr. 739/2014, hið svokallaða Stím-mál, þar sem Hæstiréttur hafnaði ósk verjanda um að dómkveðja matsmenn til að leggja mat á fjárhagslega áhættu sem stafaði af þeirri ráðstöfun sem ákært var með þeim rökum að matið væri lögfræðilegt úrlausnarefni sem dómara bæri að leggja sjálfstætt mat á. Kom þessi niðurstaða Hæstaréttar Óttari á óvart þar sem fjármálafræðin segja okkur hvort takmörkuð eða engin fjárhagsleg áhætta hafi hlotist af ráðstöfun og það sé varla hægt að komast að þeirri niðurstöðu eftir aðferðum lögfræðinnar. Hann sagðist þó taka undir með Hæstarétti að mat á því hvort skilyrðið um verulega fjártjónshættu sé uppfyllt sé á endanum lögfræðilegt.

Við mat á fjártjónshættu sagði Óttar að það þurfi að taka tillit til tveggja atriða: annars vegar hvaða líkur voru á fjártjóni; hins vegar, ef til þess kæmi, hversu mikið tjón var líklegt að af hlytist. Hvað fyrra atriðið varðar telur hann að dómstólar hafi gert lágmarkskröfu um að helmingslíkur hafi verið á fjártjóni vegna þeirrar háttsemi sem ákært er



fyrir. Erfiðara væri að setja skýrt viðmið um þær kröfur sem gerðar eru til síðara atriðisins. Matið réðist af eðli og umfangi þess rekstrar sem um er að tefla hverju sinni og þeirrar áhættustefnu sem mörkuð hefur verið. Vísaði hann til dóms Hæstaréttar frá 13. febrúar 2014 í máli nr. 88/2013 þar sem rekið var, í tengslum við mat á fjártjónsáhættu, að í reglum Glitnis banka um útlán og áhættumat sem samþykktar höfðu verið í stjórn bankans, hefði falist mat bankans á því hvaða útlánamörk væru viðunandi án þess að of mikil áhætta væri tekin. Þar sem sú lánveiting sem um var deilt í málinu rúmaðist innan þess ramma sem þar hafði verið markaður var talið ósannað að farið hefði verið umfram þá áhættu sem bankinn hefði talið viðunandi. Því hafi verið sýknað.

Þá taldi Óttar að í nokkur skipti hafi við fjártjónshættumatid verið litið til þeirrar áhættu sem fyrir var þegar ráðstöfun var gerð og hún dregin frá endanlegri áhættu sem af ráðstöfun hlaust. Matið væri því einhvers konar „nettópróf“ þar sem fyrri áhætta kemur til frádráttar hinnu síðari og að einvörðungu mismunurinn skuli teljast til hættueiginleika

ráðstöfunar. Sem dæmi var í dómi Hæstaréttar frá 10. mars 2016 í máli nr. 781/2014 talið ósannað að sjálfskuldarábyrgð sem Landsbankinn stofnaði hafi falið í sér aukna áhættu Landsbankans miðað við þá stöðu sem áður var uppi. Það var því metið hvernig hinar viðskiptalegu forsendur horfðu við sakborningum er hin umdeilda ákvörðun var tekin.

Að lokum ítrekaði Óttar að umboðssvik væru í eðli sínu trúnaðarbrot. Því geta ráðstafanir, sem í huga stjórnandans miða beinlínis að því að þjóna hagsmunum umboðandans, varla komið til álita sem umboðssvik, nema í algjörum undantekningartilfellum. Nefndi hann sem dæmi aðstöðu þar sem fjármunum er veitt, umfram hinar formlegu heimildir, til flugfélags sem stendur höllum fæti í þeirri von að þannig takist að koma í veg fyrir gjaldþrot félagsins og með því tryggja endurgreiðslu annarra lána sem því höfðu áður verið veitt. Í tilvikum sem þessum er það hans skoðun að skilyrðið um auðgunarásætning geti varla talist uppfyllt.

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

RÉTTAR- ÓVISSUFERÐ Í LANDSRÉTT

GUNNAR INGI JÓHANSSON LÖGMAÐUR



Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins birtist áhugaverð grein um undirbúningsþinghöld í Landsrétti, þar sem m.a. var fjallað um þá staðreynd að ákvarðanir Landsréttar um rekstur mála séu hvorki rökstuddar né kæránlegar. Umfjöllunin varð tilefni til að birta þessa litlu sögu um málarekstur á þessu millidómstigi, sem sagt var m.a. stofnað til að auka réttaröryggi borgaranna.

Barnaverndarnefnd í tilteknu bæjarfélagi gerði í byrjun þessa árs kröfu fyrir héraðsdómi um að þrjú börn varnaraðila skyldu vistuð utan heimilis þeirra í tólf mánuði. Varnaraðilar mótmæltu kröfunni. Í héraðsdómi leiddi barnaverndarnefnd nokkur vitni fyrir dóminn, en ekki náðist í síma í tvö vitni sem varnaraðilar töldu þýðingarmikil. Niðurstaða héraðsdóms varð sex mánaða vistun barnanna utan heimilis.

Varnaraðilar voru ósáttir og kærðu úrskurðinn til Landsréttar. Samkvæmt 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 hefur aðili tvær vikur til að leggja fram kæru á úrskurði héraðsdóms. Eftir það hefur kærandi aðrar tvær vikur til að leggja fram gögn og eftir atvikum greinargerð, sbr. 3. mgr. 147. gr. eml. Gagnaðili hefur eftir það eina viku til að leggja fram sín gögn og greinargerð.

Nokkrum dögum eftir framlagningu kæru barst lögmonnum hins vegar tölvupóstur frá Landsrétti um að frestur kæranda til að leggja fram gögn og greinargerð í málinu skyldu vera tveir dagar og frestur gagnaðila tveir dagar þaðan í frá. Þannig hugðist Landsréttur stytta lögbundinn frest aðila um ríflega helming. Lögmaður kæranda svaraði skeytinu og kvaðst þrátt fyrir þetta áskilja kærendum rétt til að skila gögnum og greinargerð innan þess frests sem lög mæltu fyrir um. Undir það tók lögmaður gagnaðila. Svar Landsréttar til lögmannna barst um hæl og í því kom fram, efnislega, að rétturinn gæti svo sem samþykkt að veita aðilum þá fresti sem lög kveði á um, ef eftir því væri sérstaklega óskað.

Kærendur gerðu kröfu um að tekin yrði skýrsla fyrir Landsrétti af þeim þýðingarmiklu vitnum sem ekki náðist í við aðalmeðferðina í héraði, sem og að málið yrði munnlega flutt í Landsrétti. Kærendur lögðu fram með kærinni fjölda nýrra skjala sem þeir töldu sýna fram á að ýmsar ályktanir í



dómi héraðsdóms væru rangar, alls 21 nýtt skjal í málinu. Í greinargerð sinni rökstuddu kærendur ítarlega hvers vegna ekki skyldi staðfesta héraðsdóminn í málinu og hvað kærendur hygðust sanna með nýjum gögnum og skýrslum fyrir Landsrétti. Barnaverndarnefnd mótmælti einfaldlega öllum málstæðum kæranda í heild sinni. Því var ljóst að ágreiningur var kominn upp um það hvort taka skyldi skýrslur fyrir Landsrétti og þar með tilefni fyrir Landsrétt að fjalla um þann ágreining á dómþingi.

Í XXIV. kafla eml. er fjallað um málsmeðferð kærumála fyrir Landsrétti. Þar eru aðeins fyrirmæli um hvaða mál unnt sé að kæra til Landsréttar, hvert kæru skuli beint, hvað skuli koma fram í kæru og um fresti í kærumálum. Í 4. mgr. 150. gr. eml. segir, að reglum um áfrýjunarmál verði að öðru leyti beitt um kærumál eftir því sem átt getur við. Ekki verður það ákvæði skilið öðruvísi en þannig að þegar aðili í kærumáli fer fram á skýrslutökur fyrir Landsrétti skuli þá farið með það eftir reglum um áfrýjunarmál, enda ekkert fjallað um skýrslutökur í kaflanum um rekstur kærumála.

Í 156. gr. eml., sem samkvæmt framangreindu á einnig eftir atvikum við um kærumál, er kveðið á um það að áfrýjandi skuli rökstyðja í greinargerð sinni til Landsréttar hverjir áfrýjandi telur nauðsynlegt að gefi aðila- og vitnaskýrslur eða viðbótarskýrslur fyrir Landsrétti ásamt rökstuðningi þar að lútandi. Í 3. mgr. 160. gr. kemur fram að sé tilefni til þess taki Landsréttur mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess, þ.m.t. gagnaöflun og

„Á ÞESSU DÓMÞINGI VORU HVORKI AÐILAR MÁLSINS NÉ LÖGMENN ÞEIRRA VIÐSTADDIR. ÁSTÆÐA ÞESS ER EINFALDLEGA SÚ AÐ ÞEIR VORU EKKI BOÐAÐIR ÞANGAÐ, ÞRÁTT FYRIR FYRIRMÆLI 160 GR. EINKAMÁLALAGA.“

framlagningu gagna, hvaða skýrslutökur verði heimilaðar fyrir Landsrétti og hvaða upptökur verði spilaðar við aðalmeðferð. Segir í 2. ml. ákvæðisins, að aðilar málsins skuli kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni. Verður þetta ekki öðruvísi skilið en sem fortakslaus skylda Landsréttar til að boða aðila á dómþingi, telji rétturinn yfirleitt tilefni til að taka mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta atriðum um rekstur þess.

Tæpum tveimur vikum eftir að barnaverndarnefnd skilaði greinargerð sinni í málinu barst lögmanni kæranda tölvupóstur með tveimur viðhengjum. Annað viðhengið hafði að geyma endurrit af dómþingi Landsréttar í málinu. Á því dómþingi, sem þrjár dómáttir Landsréttar eru sagðir hafa verið mættir til, var því ráðið til lykta að hafna kröfum kæranda um skýrslutökur í héraði, þar sem þær teldust óþarfar. Þá var kröfu kæranda um munnlegan málflutning einnig hafnað. Á þessu dómþingi voru hvorki aðilar málsins né lögmenn þeirra viðstaddir. Ástæða þess er einfaldlega sú



„VIRÐIST ÞVÍ SEM LANDSRÉTTUR HAFI HUNDSAÐ ÖLL HIN NÝJU SKJÖL MERKT E-U, ALLS 17 SKJÖL, ÞEGAR RÉTTURINN LAUK ÚRSKURÐI Á MÁLIÐ.“

að þeir voru ekki boðaðir þangað, þrátt fyrir fyriræli 160 gr. eml. Í hinu viðhenginu var að finna úrskurð Landsréttar í málinu, uppkveðinn degi eftir framangreint dómþing, þar sem hinn kærði úrskurður héraðsdóms var staðfestur með vísan til forsendna hans.

Svo sem áður segir lögðu kærendur fram 21 nýtt skjal fyrir Landsrétt, merkt A-U. Í málinu sem hér er um fjallað er hins vegar bókað í þingbók, bæði í undirbúningsþinghaldi og í hinum kærða úrskurði, að aðeins hafi verið lögð fram skjöl málsins A-D, þ.e.a.s. úrskurðinn, kæra og greinargerðir aðila. Virðist því sem Landsréttur hafi hunsað öll hin nýju skjöl merkt E-U, alls 17 skjöl, þegar rétturinn lauk úrskurði á málið. Er engar skýringar að finna í þingbók eða niðurstöðu réttarins á því.

Nú skyldi kannski einhver telja að það breytti ekki öllu þótt Landsréttur reki mál þannig að hann stytta lögbundna fresti án heimildar, ráði til lykta kröfum aðila er varða rekstur málsins án þess að boða aðilana á dómþing þrátt fyrir lagaskyldu og leysi svo úr málinu án tillits til skjala sem

aðilarnir hafa haft fyrir því að senda réttinum, allt í einu og sama málinu, þar sem fjallað er um afar þýðingarmikla hagsmuni. Það sé jú eitt dómstig til, einn öryggisventill, sem geti undið ofan af svona uppákomum. En svo er ekki, því dómsúrlausnir um það hvort skilyrði séu til að taka börn af heimilum sínum í skjóli opinbers valds og vista þau mánuðum eða jafnvel árum saman utan síns heimilis og fjarri foreldrum, er einn fárra flokka mála sem ekki er kæránlegur til Hæstaréttar. Í lögskýringargögnum segir, að vegna sjónarmiða um málshraða og að réttaröryggi verði nægilega tryggt með málskoti til Landsréttar hafi niðurstaðan orðið sú að Landsréttur kveði upp úrskurði í kærumálum vegna þvingunarráðstafana og þeir verði ekki kæránlegir til Hæstaréttar.

Landsréttur fær vissulega fullt hús fyrir málshraða í málinu, en undirritaður leyfir sér að efast um að málsmeðferðin sem boðið er upp á auki réttaröryggi borgaranna.

LÖGGARÐUR EHF.

Til leigu er aðstaða fyrir lögmann á lögmannsstofunni Löggarði ehf., Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík. Bílastæði með hliðopnun fylgir.

Um er að ræða bjart og nýlega innréttað húsnæði miðsvæðis í Reykjavík þar sem fyrir eru 3 starfandi lögmennt.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Á. Haraldsson, hrl. í síma 694 8575.

Löggarður ehf.

LMFÍ SEM AÐILI MÁLS

EIRÍKUR ELÍS ÞORLÁKSSON LÖGMAÐUR SKRIFAR



Ritstjórn Lögmannablaðsins bað mig um að setja nokkur orð á blað um aðild að málum fyrir úrskurðarnefnd lögmannna og þá sérstaklega hvað varðar aðild Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) fyrir nefndinni. Tilfnið er vafalítið dómur Landsréttar í máli nr. 511/2018 sem kveðinn var upp 5. apríl sl. Í minni umfjöllun mun ég taka til skoðunar tvö atriði. Annars vegar hvaða heimildir LMFÍ hefur talið sig hafa í agamálum gagnvart félagsmönnum sínum og afstöðu mína hvað það varðar. Hins vegar hvaða heimildir eðlilegt sé að félagið hafi og hvort breyta eigi lögum til að fá félaginu rýmri heimildir.

Hverjar eru heimildir LMFÍ?

Um lögmennt gilda lög nr. 77/1998. Samkvæmt lögnum skulu þeir hafa með sér félag, Lögmannafélag Íslands og er skylduáðild að félaginu, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Í 2. mgr. 3. gr. segir að félagið skuli ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum.

Samkvæmt lögnum skal í tengslum við LMFÍ starfa sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmannna sem leysir úr málum „eftir ákvæðum þessara laga“ eins og það er orðað í 3. mgr. 3. gr. lögmannalaga.

Um hlutverk úrskurðarnefndarinnar er fjallað í V. kafla laganna sem hefur yfirheitið „Ágreiningur um störf lögmannna“. eru heimildir nefndarinnar bundnar við tvö konar ágreining. Annars vegar ef lögmann og umbjóðanda

hans greinir á um rétt lögmannsins til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess, sbr. 1. mgr. 26. gr. Í slíkum tilvikum getur umbjóðandinn eða lögmaðurinn, eða þeir báðir, lagt málið fyrir úrskurðarnefndina. Hins vegar er hægt að skjóta til úrskurðarnefndarinnar kvörtun vegna háttsemi lögmanns, sbr. 27. gr. Í 1. mgr. 27. gr. segir um þetta orðrätt: „Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr. [þ.e. siðareglum] og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmannna kvörtun á hendur lögmanninum.“

Stjórn LMFÍ hefur í nokkrum tilvikum litið svo á að síðarnefnda ákvæðið veiti félaginu heimild til að skjóta málum í nafni félagsins til úrskurðarnefndar lögmannna. eru hér tekin tvö dæmi en ekki verður tekin afstaða til annarra tilvika í þessari grein en þau munu vera fleiri.

Stjórn LMFÍ hefur í fyrsta lagi litið svo á að félagið geti átt aðild að málum vegna háttsemi lögmanns gagnvart þriðja manni á grundvelli 1. mgr. 27. gr. lögmannalaga. Eins og fram kom hér að framan kveður ákvæðið á um að aðildin sé í höndum „einhvers“ sem telur að lögmaður hafi „gert á sinn hlut“ þannig að stríði gegn lögum eða siðareglum lögmannna. Stjórn félagsins skaut máli gegn lögmanni til úrskurðarnefndar, en það mál kom síðar til kasta Landsréttar (mál nr. 511/2018) og lauk með dómi 5. apríl sl. Forsaga þess máls er sú að lögmaður sótti um að tiltekið mál

umbjóðanda hans sætti flýtimeðferð í dómskerfinu. Sendi hann erindi á viðkomandi héraðsdómstól með beiðni um flýtimeðferð. Þáverandi dómstjóri viðkomandi héraðsdóms synjaði þeirri beiðni. Lögmaðurinn sendi dómstjóranum í kjölfarið tölvuskeyti þar sem hann lýsti yfir óánægju sinni með meðferð hans á flýtimeðferðarbeiðninni. Urðu svo nokkur rafræn samskipti milli lögmannsins og dómstjórans. Dómstjórinn sendi í kjölfar þeirra erindi til LMFÍ og tiltók að orðalag tölvuskeyta lögmannsins væri þess efnis að hann teldi að færi í bága við siðareglur lögmannna. Hann léti „sig [þó] ekki varða hvernig eða hvort félagið kysi að aðhafast“. Með öðrum orðum þá kvartaði dómstjórinn ekki sjálfur undan háttseminni við úrskurðarnefndina.

„AÐILD AÐ KVÖRTUN YFIR LÖGMANNI ER
ÞANNIG BUNDIN VIÐ ÞANN SEM TELUR
LÖGMANNINN Hafa brotið gegn sér.“

Í framhaldi þessa beindi stjórn LMFÍ, í nafni félagsins, kvörtun vegna háttsemi lögmannsins til úrskurðarnefndar lögmannna og varð félagið þannig aðili að málinu fyrir nefndinni. Úrskurðarnefndin lauk málinu með úrskurði þess efnis að lögmaðurinn sætti áminningu. Lögmaðurinn sætti sig ekki við þá niðurstöðu, fór með málið fyrir dómstóla og krafðist ógildingar á áminningunni. Landsréttur kvað í framhaldinu upp framangreindan dóm í málinu í apríl sl. þar sem áminningin var felld úr gildi. Var það niðurstaða Landsréttar að LMFÍ brýsti heimild til að gerast aðili að málinu fyrir úrskurðarnefndinni. Tók Landsréttur fram að í ákvæðum lögmannalaga væru tæmandi talin þau tilvik sem borin yrðu undir úrskurðarnefndina.

Höfundur telur þessa niðurstöðu Landsréttar efnislega rétta. Aðild að máli samkvæmt framangreindu ákvæði 1.

mgr. 27. gr. lögmannalaga er bundin við þann sem telur að lögmaður hafi „gert á sinn hlut“. Í siðareglum er vikið að skyldum lögmannna gagnvart skjólstaðingum sínum, dómstólum, öðrum lögmonnum og gagnaðilum. Aðild að kvörtun yfir lögmanni er þannig bundin við þann sem telur lögmanninn hafa brotið gegn sér. LMFÍ er ekki falið sérstakt hlutverk í þeim efnum samkvæmt gildandi lögum.

Í öðru lagi hefur LMFÍ litið svo á að félaginu sé heimilt að skjóta málum til úrskurðarnefndarinnar þegar lögmennt sinna ekki þeirri skyldu sinni að skila félaginu yfirlýsingu um fjárvörslureikninga og verðbréfaskrá. Hefur úrskurðarnefndin kveðið upp úrskurði þar sem fundið er að slíkri háttsemi (sem dæmi má nefna mál nr. 33/2018). Í lögmannalögum er sérstaklega vikið að þessari skyldu lögmannna, um að senda LMFÍ, fyrir tiltekinn tíma ár hvert, yfirlýsingu um að staða vörslufjárreiknings sé ekki lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi lögmannsins, sbr. 2. mgr. 23. gr. lögmannalaga. Enn fremur er í sama ákvæði fjallað um þá skyldu lögmannna að senda félaginu upplýsingar um verðbréf í þeirra vörslu.

Um afleiðingar af brotum gegn framangreindum skyldum er sérstaklega fjallað um í 4. mgr. 13. gr. lögmannalaga. Þar segir að brjóti lögmaður gegn 2. mgr. 23. gr. lögmannalaga þá „beri“ LMFÍ að leggja til við sýslumann að réttindi hans verði felld niður. Með öðrum orðum er um að ræða skyldu félagsins að grípa til þeirra tilteknu ráðstafana sem fjallað er um í ákvæðinu.

Við mat á því hvort að stjórn félagsins geti með réttu átt aðild að máli fyrir úrskurðarnefndinni er rétt að líta til þess að í framangreindu ákvæði 4. mgr. 13. gr. lögmannalaga er sérstaklega vikið að afleiðingum brota gegn 2. mgr. 23. gr. Verður því að telja að þar sé tæmandi talið hvaða úrræðum er unnt að beita undir þessum kringumstæðum. Skylda LMFÍ í þeim tilvikum stendur þannig einungis til þess að leggja til við sýslumann að fella niður réttindi viðkomandi lögmanns.

LANDSLÖG



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

Ætti að rýmka heimildir LMFÍ?

Að óbreyttum lögum hefur LMFÍ, að mati undirritaðs, ekki heimild til að beina kvörtunum gegn félagsmönnum sínum í þeim tilvikum sem hér hefur verið fjallað um til úrskurðarnefndar lögmannna. Lagabreytingu þyrfti til. Þá vaknar sú spurning hvort gera eigi slíkar breytingar og færa LMFÍ víðtækari heimildir en leiðir af gildandi lögum. Svar mitt við þeirri spurningu er að það eigi ekki að gera. Til rökstuðnings bendi ég á að það er skylduáðild að félaginu. Slík skylduáðild er því aðeins heimil ef hún er talin nauðsynleg „til að félag geti sinnt lögmaeltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra“, eins og þetta er orðað í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu felst undantekning frá meginreglunni um félagafrelsi sem kveðið er á um í 1. mgr. sömu greinar. Á grundvelli almennra sjónarmiða um slíka skylduáðild, telur undirritaður að líta verði svo á að öll beiting agaviðurlaga eigi að ganga eins skammt og unnt er með hliðsjón af lögbundnu hlutverki félagsins. Ekki verður annað séð en að gildandi löggjöf tryggi nægilega að sá aðili, sem telur að lögmaður hafi brotið gegn sér, geti leitað réttar síns fyrir úrskurðarnefndinni. Rök fyrir slíkri lagabreytingu þyrftu að vera þau að á skorti að unnt sé koma agaviðurlögum yfir félagsmenn LMFÍ en ekki verður séð að svo sé. Hvað varðar fyrra tilvikið, sem tekið var til skoðunar hér að framan, hefur sá sem telur að lögmaður hafi gert á hlut sinn heimild til að beina kvörtun til úrskurðarnefndarinnar. Ef hann kys að gera það ekki,

„...LÍTA [VERÐUR] SVO Á AÐ ÖLL BEITING AGAVIÐURLAGA EIGI AÐ GANGA EINS SKAMMT OG UNNT ER MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGBUNDNU HLUTVERKI FÉLAGSINS.“

sem geta verið margvíslegar ástæður fyrir, er engin þörf á því að LMFÍ grípi inn í og gerist aðili að slíku máli. Er enda vandséð hvar slík inngríp myndu enda en það færi væntanlega eftir afstöðu stjórnar félagsins hverju sinni. Í síðara tilvikinu er sérstaklega kveðið á um tiltekið úrræði LMFÍ vegna brota lögmanns, og í reynd skyldu félagsins um að leggja til við sýslumann að réttindi brotlegs lögmanns verði felld niður. Er engin sýnileg þörf á að lögmaður, sem vegna vanrækslu sinnar þarf að þola að farið sé fram á niðurfellingu réttinda, sæti einnig öðrum viðurlögum af hendi úrskurðarnefndarinnar. Ef ekki er þörf á frekari úrræðum LMFÍ varðandi möguleg brot félagsmanna er ekki ástæða til að breyta því fyrirkomulagi sem er við lýði samkvæmt gildandi lögum.





FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

Litla & prent



EFTIRLITS- HEIMILDIR LÖGMANNA- FÉLAGA

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR OG STEFÁN A. SVENSSON
HÖFUNDAR ERU FORMAÐUR OG VARAFORMAÐUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Líkt og lögmönnum flestum er vel kunnugt hefur Lögmannafélag Íslands (stjórn félagsins) á undanförunum árum beint ýmsum kvörtunum til úrskurðarnefndarinnar vegna ætlaðra brota gegn siðareglum og lögum eftir atvikum. Eru málin af ýmsum toga, svo sem vanhöld á skilum yfirlýsinga um stöðu fjárvörsluyfirlýsinga, eignarhald lögmansstofu, meintir hagsmunaárekstrar og samskipti lögmans og dómara.

Svo sem er e.t.v. óhjákvæmilegt í málum sem þessum, þá sýnist sitt hverjum. Í sem stystu máli má segja að helstu ásteytingarsteinarnir séu tveir. *Annars vegar*, hvort viðhlítandi lagagrundvöllur sé fyrir því að Lögmannafélagið geti lagt fram kvörtun fyrir úrskurðarnefndina. *Hins vegar*, hvort rétt eða æskilegt sé yfir höfuð að Lögmannafélagið geti átt aðild til sóknar.

Um *fyrri atriðið* er þess að gæta að Landsréttur taldi, með dómi sínum 5. apríl 2019 í máli nr. 511/2018, að Lögmannafélagið hafi skort viðhlítandi lagaheimild til að leggja fram kvörtun til úrskurðarnefndar í máli sem laut að samskiptum lögmans og dómara, en Lögmannafélagið taldi lögmann hafa brotið gegn 2., 19. og 22. gr. siðareglanna. Bæði úrskurðarnefndin og héraðsdómur töldu að Lögmannafélaginu hefði verið stætt að leggja fram kvörtun fyrir úrskurðarnefndina og eiga aðild að málinu. Landsréttur á hinn bóginn komst að gagnstæðri niðurstöðu.

Í forsendum dóms Landsréttar, var meðal annars vísað til 27. gr. lögmanna laga nr. 77/1998, þar sem segir að telji einhver

að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum samkvæmt 2. mgr. 5. gr. geti hann lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanninum. Sagði meðal annars í forsendunum að samkvæmt orðanna hljóðan væri kærurheimildin víðtæk, en á hinn bóginn „verður ráðið af lögskýringargögnum að undir 27. gr. falli fyrst og fremst mál sem byggjast á kvörtun umbjóðanda á hendur lögmanni fyrir háttsemi sem stríðir gegn lögum eða siðareglum lögmanna“. Yrði ekki talið að „fyrir hendi [væri] nægilega traust lagaheimild fyrir stjórn stefnda til að koma fram viðurlögum gegn félagsmanni með því að leggja fram kvörtun fyrir úrskurðarnefndina“. Í forsendunum var skylduáðild lögmanna einnig gerð að umtalsefni, þ.á m. í samhengi við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár um að engan megi skylda til aðildar að félagi, en með lögum megi þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Sagði í niðurstöðu Landsréttar að „[m]eginrökin fyrir skylduáðild að stefnda [væru] reist á ákvæðum laganna um eftirlitshlutverk úrskurðarnefndar lögmanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þeirra, sbr. og 26. og 27. gr. laganna“, og „[leiddu] af ákvæði stjórnarskrárinnar sem og 3. mgr. 3. gr. laganna að heimildir stjórnar stefnda til að koma fram viðurlögum gagnvart lögmönnum [þyrftu] að styðjast við skýra lagaheimild“.

Lögmannafélagið hefur óskað eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, meðal annars þar sem það telur mikilvægt



Lögmannafélagið er til húsa að Álftamýri 9 í Reykjavík.

að fá skorið úr framangreindu álitafni fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar, ásamt því að álitamál vakna um réttaráhrif þeirra úrskurða sem þegar hafa gengið í málum fyrir úrskurðarnefndinni sem Lögmannafélagið hefur átt aðild að til sóknar. Þegar þetta er ritað liggur afstaða Hæstaréttar til beiðninnar ekki fyrir.

Um *seinna atriðið*, þ.e. hvort rétt og æskilegt sé yfir höfuð að Lögmannafélagið geti beint kvörtunum til úrskurðarnefndar, og þá *án tillits til* gildandi laga og þess máls sem áður er vikið að, þá er það viðurkennt sjónarmið að lögmannafélög hafi hlutverki að gegna þegar kemur að eftirliti og framfylgni með störfum lögmanna. Í aðfaraorðum (e. commentary) í kjarnareglum samtaka evrópskra lögmannafélaga (CCBE) frá 2006, segir meðal annars að „[t]he CCBE trusts that judges, legislators, governments and international organisations will strive, *along with bar associations*, to uphold the principles set out in the Charter“ (áherslubl. höfunda). Í kjarnareglunum er einnig vikið að mikilvægi *sjálfstæðrar lögmannsstéttar* og að veigamikill liður í því sé „sjálfseftirlit“ (e. self regulation): „*A lawyer needs to be free - politically, economically and intellectually - in pursuing his or her activities of advising and representing the client. [...] The lawyer's membership of a liberal profession and the authority deriving from that membership helps to maintain independence, and bar associations must play an important role in helping to guarantee lawyers' independence. Self-regulation of the profession is seen as vital in buttressing the independence of the individual lawyer.*“ Lögmannafélagið hefur á undanförunum árum og misserum, þ.á m. á vettvangi laganefndar félagsins, lagt aukna áherslu á „sjálfseftirlit“ í samskiptum við hið

„...MEÐ LÖGUM MEGI ÞÓ KVEÐA Á UM SLÍKA SKYLDU EF ÞAÐ ER NAUÐSYNLEGT TIL AÐ FÉLAG GETI SINNT LÖGMÆLTU HLUTVERKI VEGNA ALMANNAHAGSMUNA EÐA RÉTTINDA ANNARRA.“

opinbera. Sem dæmi um það má nefna nýlega breytingu á lögmannalögum þar sem kveðið er á um lögbundna álitsumleitan til Lögmannafélags Íslands áður en sýslumaður tekur ákvörðun um veitingu málflutningsréttinda til þeirra sem hlotið hafa fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað.

Færa má rök fyrir því, að liður í virku „sjálfseftirliti“ lögmannafélaga með félagsmönnum, og þá að einhverju leyti í *stað* opinbers eftirlits, sé að lögmannafélög geti beint kvörtunum til sjálfstæðrar úrskurðarnefndar. Þannig eru vonandi flestir félagsmenn sammála um að fullnægi lögmaður ekki skyldum, svo sem um að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu, auk lögbundinna hæfisskilyrða, geti slíkt ekki verið látið átölulaust af hálfu félagsins. Önnur atriði eru sum hver þess eðlis, að skoðanir kunna að vera skiptari meðal félagsmanna. Er sjálfsagt að umræða um þetta, eins og önnur almenn málefni félagsmanna, eigi sér stað á vettvangi félagsins.

FJÁRVÖRSLUREIKNINGAR LÖGMANNA

– MIKLAR AFLEIÐINGAR AF BROTUM

ÁGÚST KARL KARLSSON OG DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, ber lögmanni sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðanda sinn, að halda slíkum fjármunum aðgreindum frá eigin fé á sérstökum fjárvörslureikningi en kveðið er á um skyldu sjálfstætt starfandi lögmanna til þess að hafa sérstakan fjárvörslureikning í 1. mgr. 12. gr. laganna. Í slíku tilviki ber lögmanni jafnframt, í samræmi við 2. mgr. sama ákvæðis, að senda Lögmannafélagi Íslands fyrir 1. október ár hvert, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu um stöðu fjárvörslureiknings lögmansins miðað við 31. desember fyrra árs. Sambærilega yfirlýsingu skal senda vegna verðbréfa í vörslu lögmans og skulu yfirlýsingarnar staðfestar af löggiltum endurskoðanda í báðum tilvikum. Þá er tiltekið í 2. mgr. 40. gr. siðareglna lögmanna að lögmaður skuli sjá til þess að varsla fjármuna sé í samræmi við lög og góða venju í þeim efnunum. Nánari reglur um fjárvörslureikninga lögmanna er að finna í reglugerð nr. 1192/2015.

Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/1998 hefur Lögmannafélag Íslands eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmansréttindum samkvæmt ákvæðum laganna. Sérstaklega er tiltekið í 4. mgr. ákvæðisins að hafi lögmaður, sem ákvæði 23. gr. laganna tekur til, ekki skilað stjórn Lögmannafélags Íslands yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings samkvæmt 2. mgr. 23. gr. fyrir 1. október ár hvert, eða slík yfirlýsing hefur ekki reynst fullnægjandi, beri félaginu að leggja til við sýslumann að réttindi lögmansins verði felld niður. Skal sýslumaður taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að tillagan berst honum. Komi til þess að réttindi lögmans verði felld niður vegna þessa, eru þau ekki veitt hlutaðeigandi að nýju fyrir en fullnægjandi fjárvörsluyfirlýsingu hefur verið skilað, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 77/1998.

Í ársskýrslu Lögmannafélagsins fyrir árið 2018 kemur fram að stjórn Lögmannafélagsins hafi á starfsárinu verið tilneydd til þess að krefjast niðurfellingar málflytningarréttinda fimm lögmanna, í kjölfar vanrækslu þeirra á skilum yfirlýsingar um stöðu fjárvörslureiknings innan lögbundins frests. Af þeim hafi þrír lögmenn skilað fullnægjandi yfirlýsingu undir rekstri málanna fyrir embætti sýslumannsins á Norðurlandi eystra og hafi því aðeins komið til niðurfellingar málflytningarréttinda tveggja lögmanna.

Í ársskýrslunni greinir jafnframt að stjórn Lögmannafélagsins hafi lagt fram kærur á hendur 14 lögmönnum til úrskurðarnefndar lögmanna vegna vanrækslu á skilum fjárvörsluyfirlýsingar. Kvað nefndin upp úrskurði í málunum í mars síðastliðnum.

Í úrskurðum nefndarinnar kemur m.a. fram, að stjórn Lögmannafélagsins hafi í marsmánuði 2018 ákveðið að kæmi upp sú staða að lögmaður skilaði félaginu ekki fjárvörsluyfirlýsingu innan þess frests sem tilgreindur er í lögmannaöllum, yrði kvörtun vegna slíkra vanskila send úrskurðarnefnd lögmanna til meðferðar. Jafnframt hafi stjórn Lögmannafélagsins samþykkt að kæmi til þess að leggja þyrfti til við sýslumann niðurfellingu málflytningarréttinda lögmans vegna vanskila á fjárvörsluyfirlýsingu, yrði sjálfstæð kvörtun send úrskurðarnefnd lögmanna vegna þess hluta málsins.

Niðurstaða úrskurðarnefndar í málunum var sú, að fundið var að störfum 11 lögmanna fyrir að skila ekki fjárvörsluyfirlýsingu innan lögbundins frests en í framangreindum tilvikum höfðu lögmennirnir skilað slíkri yfirlýsingu til Lögmannafélagsins undir rekstri málsins fyrir nefndinni. Vísaði nefndin til þess að lögmennirnir hefðu brotið gegn 2. mgr. 23. gr. laga nr. 77/1998 auk 1. og 2. mgr. 40. gr. siðareglna lögmanna.

„...STJÓRN LÖGMANNAFÉLAGSINS [...] TILNEYDD
TIL ÞESS AÐ KREFJAST NIÐURFELLINGAR
MÁLFLUTNINGSRÉTTINDA FIMM LÖGMANNA, Í
KJÖLFAR VANRÆKSLU ÞEIRRA Á SKILUM
YFIRLÝSINGAR UM STÖÐU
FJÁRVÖRSLUREIKNINGS INNAN LÖGBUNDINS
FRESTS.“



Í þremur málanna var lögmönnum veitt áminning. Í niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar var sérstaklega vísað til þess, að lögmennirnir hefðu ekki leitast við að sinna lögbundinni skyldu til skila á fjárvörslufirlýsingu, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og rekstur kærumálsins fyrir nefndinni. Taldi nefndin að slíkt sinnuleysi við rækslu þeirra mikilvægu skyldna sem á lögmönnum hvíla samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 77/1998, væri í engu til þess fallið að gæta heiðurs lögmennastéttarinnar. Gengi háttsemi lögmanna því í berhöggi við 2. gr. siðareglna lögmanna, sem kveður á um að lögmaður skuli gæta heiðurs lögmennastéttar í öllum athöfnum. Var niðurstaða nefndarinnar sú að með umræddri háttsemi hafi lögmennirnir brotið gróflega á þeim ákvæðum laga nr. 77/1998 og siðareglum lögmanna sem að framan eru rakin og hafi þannig sýnt af sér háttsemi sem telja verði ámælisverða auk þess sem hún sé ósamboðin lögmennsstéttinni.

Sérstaka athygli vekur niðurstaða úrskurðarnefndarinnar í einu framangreindra tilvika en þar er tekið fram að lögmaður hafi ítrekað hundsáð tilmæli nefndarinnar um að hann gerði grein fyrir máli sínu, þrátt fyrir að hafa verið veittur rúmur frestur til þess. Í niðurstöðu úrskurðarnefndar í umræddu máli segir að framferði lögmennsins að þessu leyti feli í sér brot á skyldum hans gagnvart nefndinni, sbr. 4. mgr. 43. gr. siðareglna lögmanna. Er það jafnframt álit nefndarinnar að brot lögmennsins á þeim skyldum sem kveðið er á um í lögum nr. 77/1998 og ákvæðum siðareglna lögmanna séu svo stórfelld að nefndin muni taka til skoðunar í rökstuddu álitu hvort lagt verði til við sýslumann að lögmaðurinn verði sviptur lögmennsréttindum, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/1998.

Af þessu tilefni er vakin athygli á því að hafi lögmaður verið sviptur réttindum samkvæmt 14. gr. laga nr. 77/1998, getur

hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir á ný prófraun og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 77/1998. Eru viðurlög vegna slíkrar réttindasviptingar því mun harðari en í því tilviki að stjórn lögmennafélagsins óski eftir því við sýslumann að réttindi lögmenns verði felld niður, sbr. 4. mgr. 13. gr. laganna. Í samræmi við 1. mgr. 16. gr. laganna verða réttindi lögmenns í slíku tilviki lýst virk að nýju eftir umsókn lögmennsins, án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi lögmaðurinn öðrum skilyrðum til að njóta þeirra auk þess sem fyrir liggja staðfesting lögmennafélagsins á því að umsækjandi hafi skilað til félagsins fullgildri yfirlýsingu um stöðu fjárvörslureiknings.

Af framangreindu er ljóst að nokkuð ber á því að sjálfstætt starfandi lögmenn láti undir höfuð leggjast að standa Lögmennafélaginu tímanlega skil á yfirlýsingum vegna fjárvörslureikninga. Slíkt brot getur haft í för með sér réttindamissi til skemmri eða lengri tíma. Hægt er að nálgast eyðublað fjárvörslufirlýsingar vegna ársins 2019 á heimasíðu lögmennafélagsins.

LOGOS

Reykjavík · London



Lilja Bjarnadóttir hefur á síðustu árum unnið við sáttamiðlun hér á landi. Hún á og rekur fyrirtækið Sáttaleiðina, sem sérhæfir sig í sáttamiðlun fyrir fyrirtæki, og er formaður Sáttar, félags um sáttamiðlun auk þess sem hún er stundakennari við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst.

SÁTTAMIÐLUN

– RAUNHÆFUR VALKOSTUR

VIÐ LAUSN ÁGREININGS?

Lilja útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011 og öðlaðist héraðsdómsréttindi árið 2012. Hún starfaði sem lögmaður til ársins 2014 þegar hún ákvað að fara í frekara nám. Hún fór í LL.M. nám í Dispute Resolution við University of Missouri í Bandaríkjunum en námið samanstendur af samningatækni, sáttamiðlun og gerðardómsrétti. Í upphafi lagði hún áherslu á að læra samningatækni en svo kynntist hún hugmyndafræði sáttamiðlunar og þá var ekki aftur snúið.

Þegar Lilja kom til baka frá Bandaríkjunum árið 2015 fór hún að kanna vettvang sáttamiðlara hér heima. Hún sá fljótlega að ekki var mikil gróska á þeim vettvangi og komst í raun að því að sáttamiðlun væri mjög lítið notuð hér á landi.

„Ég byrjaði á að fletta upp Sátt en ég hafði rekist á félagið þegar ég var að kynna mér hvar sáttamiðlun stæði á Íslandi og setti mig í samband við félagið þegar ég kom heim. Ég fór fljótlega að vinna með stjórninni að skipuleggja ráðstefnu um sáttamiðlun í atvinnulífinu sem við höldum árið 2015.

Á aðalfundi félagsins árið 2016 stóð til hjá mér að bjóða mig fram í stjórn félagsins og fór það svo á fundinum að ég var kosinn formaður Sáttar. Síðan þá hef ég verið virk á sviði sáttamiðlunar og finn að áhuginn á sáttamiðlun er að aukast, þó við séum enn tiltölulega fá sem störfum á þessu sviði.“

Hvað er átt við þegar talað er um sáttamiðlun eða „alternative dispute resolution“?

„Sáttamiðlun er aðferð til lausnar ágreiningi, sem aðilar taka sjálfviljugir þátt í, með aðstoð óháðs og hlutlauss sáttamiðlara. Þannig komast aðilar sjálfir að niðurstöðu sem þeir telja viðunandi. Sáttamiðlari kemst ekki að niðurstöðu í máli, hann kemur ekki með lausnina, heldur leiðir hann einstaklinga saman til að finna sínar eigin lausnir. Sáttamiðlari er þannig alltaf hlutlaus aðili. Þegar aðilar tala um ADR eða „alternative dispute resolution“ er verið að meina aðrar leiðir við úrlausn deilumála heldur en dómstóla, en kennararnir mínir vildu meina að það ætti frekar að kalla þær leiðir „appropriate dispute resolution“.

Sáttamiðlari er hlutlaus

Ýmis mál má leysa með sáttamiðlun s.s. viðskiptadeilur, starfsmannamál, fjölskyldumál, erfðamál, nágrennadeilur o.fl. Mál þurfa hins vegar ekki að innihalda réttarágreiðing til þess að geta farið í sáttamiðlun. Það geta verið mál, sem aðilar hafa hagsmuni af því að leysa úr án þess að lausnin hafi tiltekin réttaráhrif t.d. samskiptaörðugleikar. Kostir sáttamiðlunar eru fjölmargir. Sáttamiðlun getur sparað gríðarlegan tíma í samanburði við dómsmál og að sama skapi verið ódýrari kostur. Sáttamiðlun er sveigjanleg og fullur trúnaður ríkir um það sem fer fram í sáttamiðlun.


Lilja segir hlutverk sáttamiðlara sé meðal annars að kafa ofan í undirliggjandi ástæður ágreinings áður en farið er í að finna lausnirnar. Það gerir hann m.a. í gegnum spurningatækni, umorðun og speglun. Í samningaviðræðum fara aðilar gjarnan beint í það að ákveða hver lausnin eigi að vera án þess að skoða betur af hverju ágreiningurinn kom upp.

Lilja segir það eðlilegt að lögmenn horfi fyrst og fremst til dómstóla þar sem þeir gæta alltaf tiltekinna hagsmuna. Hún bindur vonir við að aukin kennsla í sáttamiðlun í laganámi hér á landi muni skila árangri en í dag er hægt að velja áfanga í sáttamiðlun á meistarastigi við Háskólann í Reykjavík og við Háskólann á Bifröst. Einnig er hægt að fara í diplómanám við Háskólann á Bifröst í samningatækni og sáttamiðlun.

Þróunin síðustu ár

Þegar Lilja fór að kynna fyrirtækið sitt, Sáttaleiðina, árið 2015, upplifði hún fljótlega að fáir vissu almennilega hvað sáttamiðlun var eða hvernig hún virkaði. Í upphafi þurfti því að útskýra grunnhugmyndina um sáttamiðlun fyrir verðandi viðskiptavinum. Síðan þá hefur hins vegar þónokkur vakning orðið m.a. vegna fræðslu um inntak sáttamiðlunar sl. ár. Þá hefur innleiðing á sáttamiðlun í barnalögum haft gríðarleg áhrif á áhuga lögfræðinga og lögmanna á sáttamiðlun. Áhugi lögmanna á sáttamiðlun hefur því verið að aukast og þeir eru farnir að sjá tækifæri í sáttamiðlun sem þeir kannski sáu ekki áður. „Það er vissulega ólíkur þankagangur að baki því að reyna að sætta mál með þessum hætti en að útkljá þau fyrir dómstólum. Það getur verið viss togsteita í hagsmununum en þá er rétt að hafa í huga að siðareglur lögmanna segja að lögmaður verður fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni skjólstaðings. Þetta geta verið mun færri tímar í tímavinnu en að reka dómsmál. Margir lögmenn reyna að sætta mál sem þeir koma að t.d. með samningaviðræðum og með því að leggja fram sáttatilboð. Það er hins vegar ekki það sama og að fara í gegnum sáttamiðlunarferli þar sem aðilar setjast niður með hlutlausum aðila sem leiðir þá í gegnum ákveðið ferli“.

Hjá fyrirtækjum er sáttamiðlun helst notuð í mannauðsmálum en Lilja bendir á að tækifærin í sáttamiðlun séu mun víðtækari fyrir fyrirtæki en bara hvað varðar starfsmannamál. „Það eru mál sem koma upp innanhúss sem þarf að leysa en síðan er hægt að nota sáttamiðlun





Á Lagadeginum sem haldinn var þann 29. mars sl. var Lilja með framsöguerindi á málstofu sem hét „Úrlausn ágreiningsmála utan dómstóla, raunhæfur valkostur við lausn réttarágreinings?“

Í samningum við aðra aðila, önnur fyrirtæki eða birgja. Þannig verndar þú viðskiptasamband þitt við aðra aðila með því að hafa ákvæði um sáttamiðlun í samningum ykkar á milli. Einnig mætti nota sáttamiðlun við óánægða viðskiptavini hjá þjónustufyrirtæki.“

Hugmyndafræði og lagagrundvöllur sáttamiðlunar?

„Lagagrundvöllur sáttamiðlunar er fyrst og fremst samningsfrelsi,“ segir Lilja. „Það má t.d. setja sáttamiðlunarákvæði inn í flesta samninga, það er bara svo lítið farið að reyna á hvernig slík ákvæði yrðu túlkuð ef einstaklingur færir ekki eftir ákvæðinu og leitaði beint til dómstóla. Myndi dómstóll vísa málinu frá á grundvelli þess að ekki væri búið að reyna sáttamiðlun? Við eigum ekki dæmi um það í dag en miðað við erlend fordæmi ætti að gera það, svona í flestum tilvikum. En þá kemur auðvitað upp sú spurning hvort það myndi þjóna tilgangi sínum, ef það er vilji aðila að leita niðurstöðu dómstóla frekar en að reyna að sættast?“

Eina lögfesta ákvæðið um sáttamiðlun í dag er ákvæði í barnalögnum sem var sett inn árið 2013. Samkvæmt ákvæðinu er það forsenda þess að hægt sé að höfða mál um forsjá að aðilar hafi farið í sáttameðferð og séu með sáttavottorð um að ekki hafi tekist að ná sáttum. Mál sem varða umgengni og forsjá fara í sáttameðferð hjá sýslumanni ef aðilar ná ekki sjálfir niðurstöðu sem sátt er um. Einstaklingar geta einnig leitað til sjálfstæðs sáttamiðlara í

Sátt, félag um sáttamiðlun stendur nú fyrir námi fyrir þá sem vilja læra sáttamiðlun sem kallast Sáttamiðlunarskólinn. Kennslan í Sáttamiðlunarskólanum er bæði í formi fjarkennslu á netinu í bland við verklegar æfingar. Skólinn hóf starfsemi nú í vor en ásamt Lilju kennir þar Dagný Rut Haraldsdóttir sáttamiðlari og lögfræðingur. Lilja segir áhugann hafa farið langt umfram sínar væntingar.

Þessum málum en sjálfstæðum sáttamiðlara ber að stöðva ferlið ef annar aðili óskar eftir því að sýslumaður taki að sér sáttamiðlunina. Sýslumaður þarf samt alltaf að staðfesta samning aðila sem skilað er inn.“

Hver eru réttaráhrif sáttamiðlunar ?

„Grundvöllur sáttamiðlunar er samningaréttur. Aðilar eru að semja og réttaráhrifin eru í raun bara eins og þegar

gerður er skriflegur samningur, en það þýðir þá líka að ef ekki er staðið við samninginn verður einstaklingur að fara hina hefðbundnu leið til að knýja fram fullnustu. Sumir sjá þetta sem galla við sáttamiðlun, en mín reynsla er sú að það er óalgengt að aðilar standi ekki við gerða samninga í sáttamiðlun, þar sem þeir hafa sjálfir komist að niðurstöðu sem báðir eru sáttir við.““

Umgjörðina vantar

Að mati Lilju vantar betri umgjörð utan um sáttamiðlun hér á landi til þess að fleiri geti nýtt sér úrræðið. Fólk veit ekki hvernig sáttamiðlun virkar eða hvernig það eigi að bera sig að. Einnig vanti reynsluna til þess að fólk sjái að sáttamiðlun virki. Lilja bendir á ákvæði í einkamálalögum um að einstaklingur geti vísað máli til sýslumanns til sáttaumleitana, eins getur dómari tekið að sér að vera sáttamiðlari. Það er hins vegar eingöngu hægt eftir að búíð er að skila inn öllum gögnum sem er mjög seint í ferlinu. „Mín reynsla er sú að það er alltaf auðveldara að sætta mál því fyrr sem það er gert og því getur verið hæpið að leita sátta þegar aðilar eru búnir að skila stefnu og greinargerð og málið er jafnvel tilbúið fyrir málflytning. Það er kannski búíð að leggja út fyrir stærstum hluta af lögmannskostnaðinum, það á eingöngu eftir að flytja málið“.

Innleiðingin er í okkar höndum

„Ef við viljum sjá sáttamiðlun aukast þá verða lögmennt að hjálpa til við að innleiða sáttamiðlunarákvæði inn í samninga og þannig benda á sáttamiðlun sem raunhæfan valmöguleika“, segir Lilja. Þetta gæti t.d. verið tekið fram í samningi áður en komið er inn á varnarþing. Þá sé hægt að innleiða sáttamiðlun í stefnu fyrirtækja þannig að í tilteknum málum sem koma upp þá eigi að byrja á sáttamiðlun áður en farið er lengra. Það eru ótal tækifæri í að innleiða sáttamiðlun í auknum mæli.

„Sáttamiðlun snýst ekki um að ákveða hver hefur rétt fyrir sér eða að staðfesta hverjar staðreyndirnar voru, hún snýst um að leysa úr flækjum og eiga fyrst og fremst samtal um framhaldið. Þannig getum við fengið lausnir í miklu fleiri málum en við getum fengið fyrir dómstólum. Við getum t.d. fengið afsökunarbeiðni í sáttamiðlun. Þú getur staðið upp sem sigurvegari og haldið virðingu þinni sem þú hefur kannski ekki gert jafnvel með því að vinna dómsmál og vísa ég þar til dæmis til mála er snúa að ærumeiðingum.“

Arna Pálsdóttir.



Andri Andrason hdl.
Andri Árnason hrl.
Bjarni Aðalgeirsson hdl.
Edda Andradóttir hrl., LL.M.
Finnur Magnússon hrl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Simon David Knight
Stefán A. Svansson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

juris
Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is




Frá útskrift vorið 2019.

ENN FÆKKAR FÉLAGSMÖNNUM Í LÖGMANNAFÉLAGINU

ÁRLEGA RÝNIR LÖGMANNABLAÐIÐ Í TÖLFRÆÐIUPPLÝSINGAR UM FÉLAGSMENN LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS OG VIÐ SKOÐUN ÞESSARA UPPLÝSINGA Í MAÍBYRJUN 2019 KEMUR Í LJÓS AÐ SÚ ÞRÓUN SEM HÓFST Á ÁRINU 2017 VARÐANDI FÆKKUN FÉLAGSMANNA HELDUR ÁFRAM, AUK ÞESS SEM HLUTFALL KVENKYNS LÖGMANNA HEFUR LÆKKAÐ.

Fjöldi félagsmanna í byrjun maí sl. var 1055 samanborðið við 1077 á sama tíma árið 2018 og nam fækkunin á milli ára um 2%. Er fjöldi félagsmanna nú sambærilegur við fjölda lögmanna á árinu 2015. Þá vekur það athygli að hlutfall kvenkyns félagsmanna lækkar annað árið í röð en það er nú 30,6% borið saman við 30,7% á síðasta ári, en hæst náði hlutfallið 31,5% árið 2016. Hvort þessi þróun á fjölda félagsmanna í átt til fækkunar heldur áfram á næstu misserum skal ósagt látið, enda fjölmargir áhrifaþættir sem ráða því, svo sem þróun nemendafjölda í lögfræði og staða efnahagsmála.



Þróun fjölda félagsmanna í Lögmannafélaginu síðustu 10 ár

Hlutfall kvenkyns lögmannna


Sú hlutfallslega fækkun kvenkyns félagsmanna sem orðið hefur á síðustu þremur árum hlýtur að vekja upp spurningar, sérstaklega þegar horft er til þess að meirihluti útskriftarnemenda í lögfræði frá lagadeildum þeirra fjögurra háskóla sem bjóða upp á nám í lögfræði, eru konur. Einnig liggur fyrir að ekki er merkjanlegur munur á milli kynja þegar horft er til fjölda þeirra lögfræðinga sem sækja námskeið til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómstólum ár hvert. Er vart hægt að draga aðra ályktun af þessu en að konur sem aflað hafa sér málflutningsréttinda skili sér síður í lögmennsku og/ eða hverfi úr lögmennsku til annarra starfa í meiri mæli en karlar. Hver skýringin er á því er hins vegar sérstakt rannsóknarefni.

Þrátt fyrir framangreint má þó að óbreyttu gera ráð fyrir hækkandi hlutfalli kvenna sem félagsmanna í Lögmannafélaginu, sérstaklega þegar horft er til þeirrar staðreyndar að hlutfall kvenkyns lögmannna yngri en 50 ára er ríflega


80% á sama tíma og hlutfall karlkyns lögmannna á þessu aldursbili er innan við 60%.

Samsetning félagsmanna

Nokkrar breytingar hafa átt sér stað á samsetningu félagsmanna á milli ára eftir því hvar þeir starfa. Séu þessar breytingar skoðaðar eftir kynjum hefur hlutfall sjálfstætt starfandi kvenna í lögmannastétt hækkað úr 35% í 36% á sama tíma og hlutfall kvenkyns lögmannna sem starfa sem fulltrúar hefur lækkað um sömu prósentutölu, þ.e. farið úr 24% í 23%. Að sama skapi hefur hlutfall kvenna sem starfa sem innanhússlögmenn hjá fyrirtækjum eða félagsamtökum lækkað á milli ára, eða úr 30% í 27%. Á sama tíma hefur hlutfall kvenkyns lögmannna sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum hækkað og er nú 13% borið saman við 11% á síðasta ári. Loks hefur sú breyting orðið að hlutfall kvenkyns lögmannna sem eru hættir störfum sökum aldurs eða veikinda nær 1%, en hlutfallið var 0% við síðustu mælingu.




Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ 2018 eftir því hvar þeir starfa




Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ 2019 eftir því hvar þeir starfa

Séu sambærilegar upplýsingar um karlkyns lögmenn skoðaðar kemur í ljós að hlutfall karlkyns lögmanna sem eru sjálfstætt starfandi er 58% og hefur hækkað um tvö prósentustig frá árinu á undan þegar það var 56%. Hins vegar lækkaði hlutfall karlkyns lögmanna sem starfa sem fulltrúar um eitt prósentustig, fór úr 15% í 14%. Sama þróun

átti sér stað meðal lögmanna sem starfa hjá fyrirtækjum og félagasamtökum, þar sem hlutfallið lækkaði úr 17% í 16% á milli áruna 2018 og 2019. Hins vegar hækkaði hlutfall karlkyns lögmanna sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum úr 6% í 7%. Loks lækkaði hlutfall karlkyns lögmanna sem eru hættir störfum sökum aldurs eða veikinda úr 6% í 5%.



Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ 2018 eftir því hvar þeir starfa



Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ 2019 eftir því hvar þeir starfa

Séu framangreindar upplýsingar dregnar saman má sjá að svipuð þróun hefur átt sér stað varðandi starfsvettvang karlkyns og kvenkyns lögmanna á milli ára, þ.e. hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna og lögmanna sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum hækkar á milli ára hjá báðum kynjum

á sama tíma og hlutfall fulltrúa og lögmanna sem starfa hjá fyrirtækjum og félagasamtökum hefur lækkað.

Ingimar Ingason

ÓRÖKSTUDDAR MÁLKOSTNAÐAR- ÁKVARÐANIR

SKÚLI SVEINSSON, LÖGMAÐUR



Sögulega og enn í dag eru niðurstöður dómstóla varðandi málskostnað í einkamálum að meginstefnu til órökstuddar og dæmdar að álitum. Afar sjaldgæft er að um efnislegar og rökstuddar niðurstöður sé að ræða en það hefur þó helst komið fyrir í sérstökum úrskurðum um málskostnað.

Þegar vísað er til þess að málskostnaðarákvarðanir séu ekki rökstuddar þá er átt við að ekki sé gerð grein fyrir hvaða kostnað aðila er verið að bæta og á hvaða grundvelli og svo að sama skapi hvaða kostnaður fæst ekki bættur. Órökstuddar niðurstöður um málskostnað ganga gegn megin sjónarmiðum varðandi efni og framsetningu nútíma dómsniðurstaðna, þ.e.a.s. að þær niðurstöður eigi að vera rökstuddar þannig að ekki sé um ógegnsæjar og handahófskenndar ákvarðanir dómenda að ræða. Jafnframt eru slíkar niðurstöður ekki í samræmi við gildandi lög og rétt, svo sem skyldu dómenda til að rökstyðja niðurstöður sínar, sbr. m.a. f-lið 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Ákvarðanir um málskostnað eru jafnframt að meginstefnu til dæmdar að álitum, sem má sjá á því að niðurstöður hlaupa yfirleitt á tugum eða hundruðum þúsunda. Niðurstöður eru því ekki grundvallaðar á nákvæmri krónutölu þess kostnaðar sem fallið hefur til og talinn er að aðili eigi rétt á að fá bættan. Þessi nálgun dómenda á niðurstöðu er einnig

ekki í samræmi við megin sjónarmið um dómsniðurstöður, þ.e.a.s. að ekki skuli dæma að álitum ef unnt er að leiða mál til lykta með efnislegum og rökstuddum hætti á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Að ráða niðurstöðu máls til lykta að álitum er aðeins neyðarúrræði sem dómendur geta gripið til þegar ekki er unnt að komast að efnislegri og rökstuddri niðurstöðu. Einungis á að dæma mál að álitum ef ekki er yfir höfuð unnt að leiða fram niðurstöðu með efnislegum hætti og í dag er það aðeins gert í algerum undantekningartilfellum nema varðandi málskostnað.

Til að varpa frekara ljósi á þetta má benda á nýfallinn dóm Landsréttar þar sem komist var að efnislegri niðurstöðu varðandi málskostnað, sbr. Lrd. nr. 276/2019. Einnig má benda á niðurstöðu Hæstaréttar í Hrd. nr. 341/2017, en þar var efnislegri úrlausn héraðsdóms snúð og málskostnaður dæmdur að álitum. Í báðum þessum málum var ákvörðun um málskostnað skotið til æðri dóms á grundvelli úrskurðar héraðsdóms.

Af hverju?

Skýringin er fyrst og fremst sú að engin efnisleg umfjöllun er í raun um kostnað aðila við málarekstur fyrir dómstólum þegar niðurstöðu málskostnaðar er ráðið með dómi.

Eins og þessu er hagað í dag þá leggja aðilar fram málskostnaðarreikning samhliða því að þeir flytja málflutningsræðu sína við aðalmeðferð. Lögmaður stefnanda fær því oftast nær málflutningsreikning stefnda í hendur fyrst eftir að hafa flutt fyrri málflutningsræðu sína. Aðilar fá því í raun lítið sem ekkert tækifæri til að skoða þessa málskostnaðarreikninga og þau gögn sem liggja þeim til grundvallar og ekkert raunhæft tækifæri til að andmæla þeim kostnaði sem gagnaðili gerir kröfu um að fá bættan.

Auk þess er einfaldlega litið svigrúm við aðalmeðferð til að fara í ítarlega efnislegan málflutning um málskostnað aðila.

Tvennskonar form úrlausna

Niðurstöður dómstóla um málskostnað eru svo í ofanálag á tvennskonar formi. Annars vegar er um að ræða að málskostnaður er ákvarðaður með dómi, samhliða efnislegri úrlausn um aðrar dómkröfur aðila. Hins vegar, svo sem ef sátt næst undir rekstri máls, þá er niðurstaða um málskostnað kveðin upp í sérstökum úrskurði.

Ef aðilar máls vilja ekki sæta niðurstöðu um málskostnað þá þarf því annars vegar að áfrýja málinu, ef um dóm er að ræða, en hins vegar að kæra úrskurðinn. Málsmeðferð varðandi endurskoðun á niðurstöðu héraðsdóms um málskostnað er því ólík eftir því á hvaða formi niðurstaðan er. Mun þungbærara er fyrir aðila að áfrýja máli aðeins til að fá endurskoðun á niðurstöðu um málskostnað heldur en að kæra úrskurð sem snýr einungis að niðurstöðu um málskostnað. Telja verður að áfrýjun máls, aðeins til að fá endurskoðun á niðurstöðu um málskostnað, sé einfaldlega of þungbært ferli og of kostnaðarsamt og þar af leiðandi ekki áhættunnar virði. Raunin er jafnframt sú að málum er einungis í algerum undantekningartilfellum áfrýjað af þeirri ástæðu einni og sér, og verður því að telja að um réttarfarslegt misræmi og vandamál sé að ræða.

Lausn á vandamálinu

Samræma þarf úrlausnir dómstóla varðandi málskostnað, þ.e.a.s. að úrlausnirnar verði allar á sama formi, og þá á formi úrskurða eftir að efnisleg niðurstaða liggur fyrir að öðru leyti. Málsmeðferð yrði þá hin sama í öllum málum.

Heppilegast væri að eftir að efnislegur dómur er genginn verði málið tekið aftur fyrir varðandi kröfu um málskostnað. Aðilar geta þá lagt fram málskostnaðarkröfur sínar og þau gögn sem þeir byggja hana á. Gagnaðili fær þá tækifæri til að kynna sér þau gögn og röksemdir fyrir kröfunni og hefur tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum. Málið yrði svo flutt munnlega og efnislegur úrskurður kveðinn upp um þær bætur sem aðili máls fær, vegna þess kostnaðar sem hann hefur þurft að bera, vegna málareksturs og réttlætanagerðar. Í þessum efnum ber jafnframt að hafa í huga að nauðsyn sönnunarfærslu í tveimur málum, sem eru að öllu leyti sambærileg, getur verið gjörólík og algerlega háð þeim vörnum sem hafðar eru uppi í máli af hálfu gagnaðila. Umfang réttlætanagerðs kostnaðar við málarekstur er því í mörgum tilfellum háður þeim vörnum sem hafðar eru uppi í máli fremur en málsatvikunum sjálfum.

ÞAÐ EINA SEM UNNT ER AÐ SEGJA VIÐ
UMBJÓÐANDANN Í SLÍKUM TILFELNUM ER „AÐ
ÞETTA SÉ BARA SVONA“ OG AÐ ENGIN
RÖKSTUÐNINGUR FYLGI NIÐURSTÖÐUNNI,
ÁSTÆÐAN ER ÞVÍ „AF ÞVÍ BARA“.

Staðan í dag

Ekki verður talið að unnt sé að sakast við dómendur þegar kemur að því ástandi sem er í dag varðandi málskostnaðarakvarðanir. Þegar dómari tekur ákvörðun um málskostnað þá hefur ekki verið fjallað sérstaklega um málskostnaðarkröfur eða a.m.k. mjög takmarkað, en það helgast af þeim málsmeðferðarreglum sem í gildi eru og dómvenjum. Þær leiða óhjákvæmilega til þess að yfirleitt er málskostnaður ákvarðaður að álitum og niðurstaðan ekki rökstudd með neinum efnislegum hætti. Afleiðingin er að aðilar máls fá engan rökstuðning fyrir því hvaða kostnað þeir frá bættan og hvaða kostnað ekki bættan, eða hvaða kostnað er þá verið að bæta. Þetta er sérstaklega bagalegt í málum þar sem t.d. lagt hefur verið í mikinn kostnað við öflun sönnunargagna, svo sem matsgerða.

Flestir lögmenn kannast eflaust við þá stöðu sem upp kemur þegar dómur liggur fyrir og mál hefur unnist að öllu verulegu leyti en aðeins takmarkaður hluti þess kostnaðar sem lagt hefur verið út í hefur fengist bættur. Það eina sem unnt er að segja við umbjóðandann í slíkum tilfellum er „að þetta sé bara svona“ og að engin rökstuðningur fylgi niðurstöðunni, ástæðan er því „af því bara“. Öllum mætti vera ljóst að brýnt er að bæta úr þessu.

Umræðan um málskostnað hefur oftast en ekki snúist upp í hvað sé hæfileg þóknun lögmanna og að dómstólar séu að horfa til þess í niðurstöðum sínum. En slík nálgun á vandamálið er á þeim grundvallarmisskilningi byggð að málskostnaður er ekki þóknun til lögmanna. Umbjóðandi lögmanns greiðir lögmanni þóknun fyrir hans vinnu en málskostnaður er bættur til handa aðila vegna þess kostnaðar sem hann hefur þurft að bera. Nauðsynlegt er því að aðilar máls fái efnislegan rökstuðning fyrir niðurstöðu, sérstaklega ef hluti kostnaðar fæst ekki bættur, þar sem málarekstur er í eðli sínu kostnaðarsamur og oft er málskostnaðarkrafa stærsta krafan í málinu sem fær þó minnsta umfjöllun.

LAGA- DAG- URINN

2019

LAGADAGURINN HEPPNAÐIST VEL OG SÓTTU YFIR SEXHUNDRUÐ MANNS MÁLSTOFUR OG/EDA KVÖLDVERÐAR- OG SKEMMTIDAGSKRÁ UM KVÖLDIÐ. ALLAR MÁLSTOFURNAR VÖKTU LUKKU EN ENGIN ÞÓ EINS OG SÚ SEM FJALLAÐI UM ÁHRIF DÓMS MANNRÉTTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU Á LANDSRÉTT, EN ÞÁ FYLLTIST SILFURBERGIÐ Í HÖRPU.



Fullt var út úr dyrum á hádegisfyrirlestrinum sem fjallaði um áhrif dóms MDE á Landsrétt.



Anna Tryggvadóttir, varaformaður kærnefndar útlandingamála, fjallaði um yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir stjórnvalda.



Eiríkur Jónsson deildarforseti Lagadeildar Háskóla Íslands og formaður nefndar um umbætur á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis fer yfir fyrirhugaðar breytingar.



Frá hádeginu í Hörpu.



Stungió saman nefjum yfir máli málanna, hver situr til borðs með hverjum um kvöldið.



Stefán A. Svansson lögmaður og varaformaður í Lögmannafélagi Íslands greinir frá ályktun stjórnar LMFÍ í kjölfar dóms MDE.

Lagadagurinn var haldinn í björtu og fallegu veðri þann 29. mars sl. og hefur líklega aldrei verið eins vel sóttur. Fjallað var um tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsi og þær lagabreytingar sem fyrirhugaðar eru á því sviði og var forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir meðal þeirra sem þátt tóku í umræðum. Þá var haldin málstofa um úrlausn ágreiningsmála utan dómstóla og þeirri spurningu velt upp hvort aðrir valkostir en dómstólaleiðin væru heppilegri við úrlausn deilumála, svo sem gerðadómar og sáttamiðlun enda hafa slíkar leiðir notið vinsælda erlendis. Yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir stjórnvalda voru einnig ræddar á sérstakri málstofu og þau flóknu álitæfni sem

geta risið um stöðu, samband og hlutverk ráðuneyta og úrskurðarnefnda.

Alls tóku níu manns þátt sem fyrirlesarar eða í pallborði þegar fjallað var um rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála og hvað þar mætti betur fara. Málstofan var haldin í kjölfar skýrslu um stöðu brotaþola á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd og var m.a. rætt um hvernig hægt er að byggja upp réttarvörslukerfi sem getur mætt þörfum þolenda kynferðisbrota og stutt við bataferli þeirra. Á fjölmennri málstofu um ábyrgð og réttaröryggi stjórnenda og stjórnarmanna var m.a. rætt um fyrirsjáanleika refsheimilda



Frá málstofunni „Tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsi“. Þórir Guðmundsson fréttastjóri Stöðvar 2, Sigríður Rut Júlíusdóttir lögmaður hjá Rétti, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Halldóra Þorsteinsdóttir lektor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík, Páll Hreinsson forseti EFTA dómstólsins og rannsóknarprofessor við Lagadeild Háskóla Íslands og formaður nefndar um umbætur á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis.



Skúli Magnússon dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur fræddi gesti Lagadags um Brexit.



Vidir Smári Petersen lögmaður og málstofustjóri í örmálstofum og Anna Ragnhildur Halldórsdóttir lögfræðingur á regluvörslusviði hjá Íslandsbanka sem fór yfir ný lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.



Lára Herborg Ólafsdóttir lögmaður og Sindri M. Stephensen aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn fjölluðu um höfundarétt og gervigreind og þær lagafærur sem geta komið upp t.a.m. þegar hugbúnaður lærir að þróa og búa til nýja og áður óþekkta hluti, sem jafnvel hönnuði hans óraði ekki fyrir.



Frá málstofu um Tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsi. Reimar Pétursson lögmaður að spyrja fyrirlesara.



Benedikt Bogason hæstaréttardómari og formaður stjórnar Dómstóla-sýslunnar, fer yfir nýja stöðu Landsréttar eftir dóm MDE.

vegna umboðs og ábyrgðar stjórnarmanna og hvaða úrbóta kann að vera þörf í íslenskri löggjöf þar að lútandi með sérstakri hliðsjón til svokallaðra „hrunmála“. Boðið var uppá fjórar áhugaverðar örmálstofur og var komið víða við, fjallað um peningabætti, höfundarétt og gervigreind, græn skuldabréf sem hafa verið að ryðja sér til rúms á allþjóðlegum skuldabréfamörkuðum og að lokum Brexit

en áætlað hafði verið að 29. mars, á Lagadaginn, myndu Bretar ganga úr Evrópusambandinu.

Eins og venjulega var mikið um dýrðir að kvöldi Lagadagsins þegar lögfræðingar landsins skórtuðu sínu fínasta pússi og héldu í Hörpuna til að njóta samveru, matar, drykkjar og skemmtidagskrár undir frábærri stjórn lögmannanna



Kynnir kvöldsins, þau Auður Björg Jónsdóttir og Eggert Páll Ólason, fóru á kostum.



og stuðboltanna Auðar Bjargar Jónsdóttur og Eggerts Páls Ólasonar. Auður og Eggert buðu uppá frábæra kvöldstund í formi myndbands, brandara og búninga en auk þeirra steig á stökk Eyþór Ingi sem söng og sagði brandara. Að lokum brast á Pallaball þar sem Páll Óskar og frábærir dansarar skemmtu fram á nótt.

Stýrihóp Lagadags skipuðu að þessu sinni þau Anna Lilja Hallgrímsdóttir, Auður Björg Jónsdóttir, Bergþóra Ingólfssdóttir, Eyrún Ingadóttir, Helga Hlín Hákonardóttir, Ingimar Ingason, Íris Arna Jóhannsdóttir, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, Pétur Dam Leifsson og Valgeir Þór Þorvaldsson. Þeim og öllum þátttakendum, sérstaklega fyrirlesurum og málstofustjórum, er þakkað kærlega fyrir þeirra framlag til Lagadagsins.

[Marín Guðrún Hrafnisdóttir](#)



NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Arnór Halldórsson Hafstað

Megin lögmannsstofa, Skipholti 50d, 105 Reykjavík, Sími: 530-1800

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Elva Ósk S. Wiium

Lausnir lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík, Sími: 563-1803

Jón Eðvald Malmquist

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0300

Sölvi Davíðsson

SD lögmannsstofa, Lágmúla 7, 108 Reykjavík, Sími: 516-4000

Pétur Kristinsson

Málflutningsstofa Snæfellsness, Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmi, Sími: 438-1199

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Simon David Knight

Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 580-4400

Alexandra Kjærnested Arnardóttir

Lögmenn v. Arnarhól, Borgartúni 24, 105 Reykjavík, Sími: 867-6644

Björn Þór Karlsson

BK Legal ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 691-9818

Árni Þórólfur Árnason

Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 580-4400

Þorsteinn Ingason

LMB Mandat lögmannsstofa, Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík, Sími: 511-1198

Lilja Björg Ágústsdóttir

OPUS lögmenn, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Sími: 415-2200

Halldór Þ. Þorsteinsson

AM Praxis lögmannsþjónusta, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, Sími: 533-3333

Hrefna Björk Rafnsdóttir

OPUS lögmenn, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Sími: 415-2200

Ingvar Smári Birgisson

Íslenska lögfræðistofan, Kringlunni 4-12, 7. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 412-2800

Sveinn Andri Brimar Þórðarson

Lögþjónustan sf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 866-3456

Karólína Finnbjörnsdóttir

Foss lögmenn, Langholtsvegi 111, 104 Reykjavík, Sími: 537-5111

Hrafnkell Oddi Guðjónsson

Slysabætur ehf., Suðurlandsbraut 14, 3. hæð, 108 Reykjavík, Sími: 588-0188

Helga Baldvins Bjargadóttir

ÍsMál lögmannsþjónusta, Grjótagötu 7, 101 Reykjavík, Sími: 537-2600

Diljá Catherine Þiðriksdóttir

Lögmenn Höfðabakka, Höfðabakka 9, 6. hæð, 110 Reykjavík, Sími: 587-1286

Gísli Óskarsson

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindarmála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, Sími: 561-5111

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir

Lögmenn Suðurlandi ehf., Austurvegi 3, 800 Selfossi, Sími: 4802900

Helgi Brynjarsson

Landhelgisgæsla Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, Sími: 845-8511

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Leifur Arnkell Skarphéðinsson

Valitor hf., Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, Sími: 525-2000

Svanfríður Dóra Karlsdóttir

Lögmenn Laugavegi 3, Laugavegur 3, 3. Hæð, 101 Reykjavík, Sími: 520-1050

Erna Sif Jónsdóttir

Deloitte, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, Sími: 580-3007

NÝR VINNUSTADUR

Atli Björn Þorbjörnsson

AX lögmannsþjónusta, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, Sími 899-6076

Friðbjörn Eiríkur Garðarsson

AX lögmannsþjónusta, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, Sími 862-8696

Hjalti Sigvaldason Mogensen

Local lögmenn, Hús verslunarinnar, 8. hæð, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Sími 527-9702

Stefán Björn Stefánsson

BBA, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 661-0916

Sævar Þór Jónsson

Lárus Sigurður Lárusson

LÖGMANNSSTOFAN SÆVAR ÞÓR OG PARTNERS, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, Sími: 527-7782

NÝTT AÐSETUR

Karl Jónsson

Lögmannsstofa Karls Jónssonar, Lækjargata 34 D, 220 Hafnarfirði, Sími: 517-2000

Guðmundur Njáll Guðmundsson

GNL lögmannsþjónusta, Bíldalshöfða 18, 110 Reykjavík, Sími: 663-8698

Skráning á grundvelli reglugerðar nr. 241/2018

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is



Veldu spennu. Nýr Macan.

Nýr Porsche Macan er magnaður bíll sem sameinar bestu eiginleika Porsche. Hann er enn sportlegri, léttari og snarpari en áður. Staðalbúnaður hefur jafnframt aukist til muna. Veldu Macan – veldu spennu.

Porsche Macan S: Hestöfl: 354 | Hámarkstog: 480Nm | Hröðun: 5.1 sek. 0-100 km.klst.



PORSCHE